

Bstj. 5. febrúar 2008

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Forseti: Tekið er fyrir annað mál á dagskrá þessa fundar sem er samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A. Þetta er skv. 32. lið fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar. Fyrstur tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Í málefnasamningi nýs meirihluta er fjallað um mikilvægi þess að viðhalda 19. aldar götumynd Laugavegar þar sem því verður viðkomið. Í tillögu borgarráðs sem samþykkt var af fulltrúum meirihlutans og Svandísar Svavarsdóttur, þ.e. með 5 samhljóða atkvæðum frá því 24. janúar, er borgarstjóra falið að ganga til samninga við eigendur Laugavegar 4 og 6 með það að markmiði að borgin kaupi húsin ásamt Skólavörðustíg 1a og þeim byggingarrétti sem fylgir umræddum lóðum. Jafnframt samþykkir borgarráð að þessi kaup feli ekki í sér fordæmi vegna annarra húsa eða lóða á svæðinu. Í samræmi við þennan vilja borgarráðs er gengið frá samningum við eigendur húsanna 25. janúar. Kaupverðið er 580 milljónir sem meirihluti borgarstjórnar telur ásættanlegt verð miðað við mikilvægi verkefnisins og þá staðreynd að borgin hefði, hver svo sem niðurstaðan hefði orðið, þurft að bera af því kostnað, enda báru borgaryfirvöld mikla ábyrgð á þeim hnút sem málið var komið í. Borgaryfirvöld hafa um langt skeið haft tækifæri til þess að snúa af þessari braut sem fylgt hafði verið allt frá árinu 2002. Umræða um kaupverðið er ómarkviss en hún byggir að stærstu leyti á verðmati VST en þar er hvorki tekið mið af líklegum skaðabótum til handa eigendum húsanna, né af þeirri staðreynd að þarna er á ferðinni menningarsögulegt verkefni á lykilsvæði við Laugavegin. Meirihluti borgarstjórnar telur mikilvægt að með þessum kaupum er óvissu eytt í málinu. Skipulagsvaldinu er komið í hendur borgarstjórnar og hægt að byggja upp á þessum reit með hliðsjón af mikilvægi reitsins og þess umhverfis sem þarna er. Minnihlutinn í borgarstjórn hafði ekki stjórn á þessari atburðarás, hafði afsalað sér ákvörðun um niðurstöðu þess, vegna ágreinings í eigin hópi, sem endurspeglast í afstöðu þeirra til málsins nú, en þar eru greinilega á ferðinni þrjár ólíkar skoðanir, eins og kemur fram í bókunum borgarráðs frá 31. janúar sl.

Meirihluti borgarstjórnar er sannfærður um að með þessu verkefni hafi verið stigið farsælt skref í málefnum miðborgarinnar, málefnum Laugavegarins og borgarinnar allrar. Deiliskipulagsvinna á þessum reit mun hefjast á vettvangi skipulagssviðs þegar í þessari viku og ætla má að tillögur liggi fyrir næsta vor. Deiliskipulagsvinnan verður unnin undir forystu sérstaks miðborgarteymis á

vegum borgarinnar en vinnuhópur, skipaður fulltrúum rýnihóps vegna Laugavegar, fulltrúar frá Húsafriðunarnefnd og Arkitektafélagsins, auk annarra sem áhuga og hagsmuni hafa á þessu svæði mun starfa með þeim. Tillaga þess efnis verður tekin fyrir á fundi skipulagsráðs á morgun.

Það er markmið nýs meirihluta að tryggja að á þessu svæði og við Laugaveginn almennt geti þrífist öflug verslun og þjónusta. Það er einnig markmið nýs meirihluta að þetta meginhlutverk Laugavegarins sé í sem bestri sátt við sögu og sérkenni götunnar. Gildandi skipulag, sem kveður á um hótélbyggingu, hefði alls ekki gert það. Sú ákvörðun borgarráðs frá 24. janúar að hefja heildarendurskoðun á deiliskipulagi Laugavegarins tekur mið af þessu. Sú endurskoðun mun taka mið af hlutverki götunnar sem aðalverslunargötu borgarinnar en einnig því að 19. aldar götumynd verði viðhaldið þar sem því verður viðkomið. Þessi endurskoðun felur ekki í sér hugmyndir um frekari kaup borgarinnar á eignum við Laugaveg heldur þann vilja nýs meirihluta að ná betri sátt og enn frekari gæðum í uppbyggingum við götuna. Ætla má að í flestum tilvikum takist þetta með því að tilfærslum eða endurskilgreiningu byggingarréttar á einstaka lóðum verði náð, sem þá verður unnin í góðu samstarfi við eigendur og aðra á svæðinu. Hér fara saman hagsmunir eigenda, borgaryfirvalda og Reykvíkinga almennt, því þessi uppbygging mun draga til sín fleira fólk í miðborgina, efla þar mannlíf og verslun og ferðamennska og aðrar atvinnugreinar munu einnig njóta góðs af þessu.

Meirihluti Reykjavíkur hlakkar til að efla Laugaveginn í góðri samvinnu við íbúa og treystir því og veit að sú vinna taki fyrst og fremst mið af hagsmunum borgarinnar og borgarbúa, ásamt virðingu fyrir þessari góðu götu, hlutverki hennar og sögu.

Ég ætla ekki að hafa þessi inngangsorð fleiri enda eflaust margt sem fólki liggur hér á hjarta og of langt mál í inngangsræðu að lesa upp allar þær bókanir og athugasemdir sem fram hafa komið. En það verður leitast við að svara þeim, ef ekki hér, þá á næsta borgarráðsfundi, enda liggja þegar fyrir margar spurningar sem þá verður svarað.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur næstur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Þetta var knöpp ræða sem laut að samningi um kaup borgarinnar á húsunum að Laugavegi 4 og 6, eða öllu heldur fasteignunum og tengdum eignum á Laugavegi 4 og 6, vegna þess að borgin átti raunar húsin fyrir.

Hér var lagt út af því að málið hafi verið í hnút og að borgaryfirvöld hafi sett það í hnút. Ég held að það megi með nokkurri sanngirni segja að þetta er af og frá. Málið var í þeim farvegi að það lá fyrir tillaga Húsafriðunarnefndar um friðun og skyndifriðun sem beið ákvörðunar menntamálaráðherra. Borgarstjórn hafði fyrir sitt leyti tekið ákvörðun í lok ágúst á síðasta ári og þetta mikilvæga skref, hvort að friða ætti húsið, var það sem að beðið var eftir. Raunar hefði það legið fyrir þremur dögum eftir að nýr meirihluti í borgarstjórn ákvað að setja mark sitt á þetta mál, hlaupa til og kaupa húsin fyrir 580 milljónir. Fyrir 580 milljónir! Þetta kaupverð og þessi ákvörðun, þessi atburðarás sem meirihlutinn ákvað setja af stað degi eftir að hann tók við, stefnir uppbyggingaráformum við Laugaveg og í Miðborg í algjört óefni, ef það á að taka eitthvert mark á þessu sem pólitískri ákvörðun. Þetta ofurverð skapar nefnilega nýtt markaðsverð í sambærilegum og svipuðum málum. Látum nú vera á þessum vetri þegar framundan eru mörg og vandasöm verkefni að þessi ákvörðun þýðir að Reykjavíkurborg ætli sér sem sagt að reiða fram milljarð króna til uppkaupa og endurbyggingar reitsins, því að kostnaður við enduruppbygginguna hefur verið metinn á tæpar 400 milljónir af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

Ég held það sé um fleiri farið eins og mig að ég tel þetta vera algjörlega fáránlega nýtingu á almannafé, óforsvaranlega, hvernig sem á málið er litið. Hvers vegna segi ég það? Númer eitt – þessi hús hefðu verið friðuð innan þriggja daga. Og hvaða leikreglur fjalla um friðun húsa? Jú, þá fer fram mat sem byggir á markaðsverði. Hvert var markaðsverð þessara eigna? Þau voru keypt af eigandanum sem fékk 580 milljónir fyrir þau fyrir viku síðan, á 250 milljónir fyrir ári síðan. Nýr meirihluti í borginni hefur sem sagt ákveðið að afhenda 330 milljónir án þess að nokkur þyrfti að lyfta hamri. Þó er það þannig að Sjálfstæðisflokkurinn fór með skipulagsmál þegar lykilákvarðanirnar voru teknar í

Þessu máli, þ.e.a.s. að veita byggingarleyfið í ágúst sl., að veita byggingarleyfið sem niðurrifsleyfið byggði á.

Hefði friðun húsanna orðið að veruleika, eins og Húsafriðunarnefnd hafði lagt upp með þá hefði götummyndin haldið sér, þannig að þetta mál snýst ekki um það. Þá hefði fordæmið ekki byggt á því að borgaryfirvöld, út af einhverri upphlaupapólitík hefðu skapað þetta fordæmi og sett skipulagsmál í Miðborginni í uppnám, borgarsjóður hefði ekki orðið af mörg hundruð milljónum króna og síðast en ekki síst þá hefði ekki skapast fordæmi sem allir unnendur gamalla húsa hljóta að vera mjög hugsí yfir. Vegna þess að þó að allir hafi tekið undir bókunina um að ekki bæri að líta á þetta sem sérstakt fordæmi, þá er það það auðvitað, eins og ítarlega var rakið á borgarráðsfundinum, með vísan til þeirra laga sem gilda um húsafriðun og húsvernd, vegna þess að í 19. gr. húsafriðunarlaga er vísað til þeirra viðmiða sem gilda um eignarnám. Þar er ekki síst horft til nýjustu kaupsamninga á sambærilegum eignum. Þetta þýðir því að inn í mat menntamálaráðherra á tillögu Húsafriðunarnefndar á friðun 10 húsa við Laugaveg, sem núna liggur fyrir, hlýtur að koma til mat á því hvort að menningarsögulegt gildi þeirra stendur undir því ofurverði sem nýr meirihluti í borginni ákvað að setja á Laugaveg 4 og 6.

En það væri fróðlegt að fá ekki síður fram á þessum fundi svör Sjálfstæðisflokksins við því sem viðhöfð voru fyrir aðeins þremur vikum síðan, að meginatriði í þessu máli væri að láta tillögur Húsafriðunarnefndar ekki fara alla leið og inn á borð menntamálaráðherra, því það ætti að vera sérstakt kappsmál Reykjavíkurborgar að hafa skipulagsvaldið í hendi sér, eins og komist var að orði, og taka af skarið með það hvort að ætti að friða eða ekki friða, án þess að atbeini Húsafriðunarnefndar og menntamálaráðherra kæmi til. Hvað ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að gera í málum húsanna 10 sem núna bíða í nákvæmlega sömu röð og Laugavegur 4 og 6 var í, þ.e.a.s. bíða eftir niðurstöðu menntamálaráðherra um það hvort þau eigi að friða?

Það er þetta sem er alvarlegt út frá húsvernd, húsafriðun og þeim leikreglum sem hafa gilt um skipulagsmál og húsafriðun í borginni og annars staðar á landinu raunar. Hér er hlaupið inn í mál sem er í ákveðnum farvegi undir því kjörorði að þau eigi ekki að koma til kasta menntamálaráðherra. Þess vegna hlýtur það að skoðast, ágæti borgarstjóri, sem skilaboð til menntamálaráðherra um það að borgin

vilji ekki friða húsinn 10 sem bíða í röðinni, ef að þau verða ekki keypt upp á sama hátt – eða hvað? Ég held að það sé mikilvægt að borgarstjóri lýsi viðhorfum hins nýja meirihluta til þessara mála. Ekki síður hins sem var algjörlega óljóst í máli hans, hvernig í ósköpunum hægt er að koma samþykkt borgarráðs annars vegar um það að endurgera húsinn og skapa verslun á jarðhæð o.s.frv. og síðan málefнасamning nýs meirihluta um götumynd 19. aldar, vegna þess að þá var auðvitað ekki verslun á neðri hæð í þessum húsum og þau voru bara einlyft og raunar reist í allt öðrum tilgangi en að versla. Þannig að hvaða tal er þetta um 19. aldar götumynd ef það er eitthvað allt annað sem stendur til? Og hvaða tal er það um það að þessi hús séu algjörlega einstök miðað við t.d. Sirkus, miðað við húsinn 10 sem bíða núna friðunar eða miðað við Laugaveg 33 og 35, svo dæmi séu tekin. Hvernig getur borgarstjóri haldið því fram hér úr ræðustól, vegna þessa milljarðasamnings eða öllu heldur milljarðafjárútláta, að þetta komi hinum húsunum eða menningarsögu þeirra ekkert við, að þetta sé ekkert fordæmi, að kosningaloforð hans fyrir síðustu kosningar hafi bara snúist um þessi tvö hús en ekki hin 23 eða hvað það nú var sem að bæklingurinn fjallaði um og ræðurnar hér í borgarstjórn. Ég held það séu fleiri en ég sem ekki skilja þetta upplegg, þó að flýtirinn sem var við gerð málefнасamningsins hafi kannski ekki leyft að önnur hús væru rædd, þá hefði ég vonast til þess að borgarstjóri myndi gera borgarstjórn skýrari grein fyrir næstu skrefum í þessu máli, húsunum 10 og húsunum 23 og framtíðinni að þessu leyti. Því að mér finnst það býsna billegt ef menn ætla í þessari umræðu að takmarka sig við götumynd 19. aldar, vegna þess að ég veit ekki til þess að það séu mikið fleiri hús við Laugavegin sem eru frá 19. öld en þessi tvö og takmarkast metnaðurinn þá við þau?

Svo er það málsmeðferðin í sjálfum uppköpunum. Var það virkilega ekki kannað hvaða þýðingu það hefði að þau hús sem þarna er um að ræða, og nú hafa verið keypt á 580 milljónir, voru færð borginni að gjöf fáum vikum áður? Og voru samkvæmt því eign borgarinnar, skv. samningi borgarinnar og Kaupangs, þar sem segir í 1. gr., með leyfi forseta: „Kaupangur gefur Reykjavíkurborg til brottflutnings, án annarra kvaða en fram koma í samkomulagi þessu, húsinn nr. 4 og 6 við Laugaveg og Skólavörðustíg.“

Hver ákvað það og óskaði eftir því að embættismenn Reykjavíkurborgar gengu til samninga á kaupverðinu 580 milljónir? Því að þó að menn hafi góðan vilja þá

sýnist mér það vera býsna rúm túlkun á samþykkt borgarráðs. Er hægt að túlka bókun borgarráðs sem opinn tékka, var það virkilega þannig? Getur verið að í þessu máli sé komið fyrsta dæmi um það, a.m.k. í mörg ár, að Reykjavíkurborg hafi keypt eignir á miðborgarsvæðinu, án þess að leita álits fagmanna á því hvert verðgildið væri? Getur það verið að samningamennirnir sem fóru í þessar viðræður hafi ekki fengið það verðmat sem þó hafði verið gert af hálfu VST verkfræðistofu? Eða var kallað eftir verðmati einhvers staðar annars staðar frá sem að réttlættu að 580 milljónir væru greiddar fyrir þessar eignir?

Það er alrangt hjá borgarstjóra – og ég kalla einfaldlega eftir því að hann færi frekari rök fyrir því – þegar hann fullyrðir að ekki sé tekið mið af skaðabótum í mati VST. Skaðabætur þegar húsfríðun er annars vegar taka mið af reglum um eignarnám sem aftur taka mið af markaðsverði. Það er nákvæmlega markaðsverðið sem verið er að meta í skýrslu VST. Ég skil ekki hvernig borgarstjóri finnur það út að það ættu að koma einhverjar viðbótarskaðabætur ofan á markaðsverð, því þannig er það einfaldlega ekki. En það gerir það hins vegar í framtíðarmálum vegna þess að nú hefur verið skapað slíkt fordæmi, ekki það að menn fari upp fyrir markaðsverð, heldur hefur markaðsverðinu verið breytt – og það er grafalvarlegt. En þá hefði mátt ætla að borgarstjóri hefði teflt hér fram með skynsamlegum rökum hvað megi ætla að þessi samningur leiði af sér mikla hækkun á framtíðarbótum þegar önnur hús verða fríðuð eða byggingarréttur felldur niður í næstu áföngum að fríðunaráformum við Laugaveg eða Kvos, ef þau áform eru einhver á annað borð, sem er nú býsna óljóst eftir ræðu borgarstjóra.

Í fimmta lagi verður að fást svar við þeirri spurningu hvort sé rétt að stefnt sé að því að það verði verslunarhæð undir húsunum á Laugavegi 4 og 6 eða ekki og hver hafi þá tekið ákvörðun um það að byggja ekki í anda 19. aldar.

Í sjötta lagi verður að segja skýrt hvort að Sjálfstæðisflokkurinn sé fallinn frá þeirri stefnu sinni að í hvert skipti sem Húsafríðunarnefnd leggur til fríðun, eigi borgin að grípa inn í og kaupa húsin, ef borgin sé yfirleitt þeirrar skoðunar að húsin beri að fríða, eins og hér var þrástagast á fyrir örfáum vikum.

Síðast en ekki síst, vegna þess að það mál er nú í deiglunni, ætlar borgarstjóri að beita sér fyrir því að borgin kaupi Sirkus og önnur hús við Laugaveg? Ætlar borgarstjóri að beita sér fyrir því?

Ég held það blasi við eftir þann skort á svörum sem var augljós í borgarráði og þau fátæklegu svör sem enn eru komin fram á þessum fundi, að þessi kaup snerust ekkert um menningarsögu, snerust ekkert um verndun götummyndar, vegna þess að tillaga Húsafriðunarnefndar og það ferli sem var í gangi snerist um þá hluti og það var í farsælum farvegi. Nei, þetta inngrip snerist um eitthvað sem menn töldu að ætti að vera táknrænt fyrir nýjan meirihluta í Reykjavík, að Ólafur F. Magnússon fengi fram þessu hjartans máli, uppkaup á Laugavegi 4 og 6 og Sjálfstæðisflokkurinn fengi fram að hann væri í meirihluta. En fyrir hvað er þá táknið? Táknið er um fum, fljótaskrift, hættuleg fordæmi, meirihluta sem er keyptur við ofurverði, borgarstjórastól á uppboði og fordæmi sem enginn vill hafa í skipulagsmálum eða húsverndarmálum Miðborgarinnar. Þetta mál er nefnilega táknið um það að Sjálfstæðisflokknum er ekki lengur treystandi fyrir peningum almennings og það er einfaldlega bara ennþá opin spurning hvort þetta verði táknið um það að Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hafi ákveðið að húsvernd í Reykjavík snerist um þessi tvö hús og að kaupa þau, sama hvað það kostaði, en ekki öll hin húsini sem hafa líklega miklu meira gildi að mati Húsafriðunarnefndar, að mati fólksins sem er að berjast fyrir framhaldslífi Sirkus og að mati fólksins í borginni. Það má því eiginlega segja að hvoru tveggja hafi fallið á fyrsta prófinu, Sjálfstæðisflokkurinn á því prófi að vera samkvæmur sjálfum sér og Ólafur F. Magnússon borgarstjóri á því prófi að húsvernd í Reykjavík snerist um að hlaupa til og kaupa upp tvö hús sem sannarlega hafa gildi en menntamálaráðherra var á leiðinni að friða.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að taka til máls hæstvirtur borgarstjóri.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er margt sem gera þarf athugasemdir við í ræðu Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa, m.a. að hér sé um milljarðafjárútlát að ræða. Stundum var fullyrt að yrði verslun á jarðhæð, stundum var fullyrt að það yrði verslunarhæð undir húsunum og stundum var fullyrt að það væri ekki nema um þessi tvö 19. aldar hús að ræða við Laugavegin. Ekkert af þessu er rétt vegna þess að það liggur ekki fyrir hvernig byggt verður upp á þessum reit. Það er mín skoðun að það eigi að vera í sem upprunalegastri mynd og það er hægt að ná fram auknu rými fyrir ýmsa starfsemi, m.a. á baklóð, hugsanlega undir húsinu neðanjarðar þess vegna. En aðalatriðið er það að við ætlum að halda götummyndinni þannig að hún laði að fólk og ferðamenn og auki líf við Laugavegin. Þetta hefur skilað sér bæði í þeirri atvinnustarfsemi sem þar er og fyrir aðra atvinnustarfsemi eins og ferðamennsku og þá stefnu sem nú er að koma til framkvæmda hér á landi, eins og annars staðar í Evrópu, að reyna að viðhalda gömlu götummyndinni í borgum, þar sem það hefur sýnt sig að það dregur að fólk og slíkar borgir vaxa og dafna betur heldur en þær þar sem gamli tíminn er látinn fara lönd og leið og byggt af geðþótta hvers arkitekts þegar reist er nýtt hús innan um gamla götummynd. Þannig eigum við ekki að byggja upp borgina okkar, því að aðrar þjóðir hafa sýnt okkur að það verður að taka tillit sögunnar og vanda til verka.

Verðmæti fasteignarinnar að Laugavegi 4 og 6, sem kveðið er á um í samningnum sem lagður var fram á fundi borgarráðs 31. janúar sl., alls að fjárhæð 580 milljónir króna, fólst í þeim byggingarrétti sem á lóðunum er, ekki húsunum sem slíkum. Það hefur því ekki þýðingu að ræða um að Reykjavíkurborg hafi hugsanlega þegar átt húsin, enda má leiða að því líkur að úr því að Reykjavíkurborg flutti húsin ekki innan þess 14 daga frests sem veittur var, hafi eignarréttur Reykjavíkurborgar á húsunum sem lausafé verið niður fallinn. Borgarráð samþykkti þann 24. janúar sl. að fela borgarstjóra að ganga til viðræðna við eigendur Laugavegar 4 og 6, með það að markmiði að borgin keypti húsin og gerði þau upp. Þær viðræður leiddu til samnings um kaupverð upp á 580 milljónir króna. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og var því ekki skuldbundinn við

Reykjavíkurborg fyrr en borgarráð og borgarstjórn höfðu samþykkt hann. Umrætt verð var af meirihluta borgarráðs talið viðunandi fyrir borgina, bæði með hliðsjón af forsögu málsins og mikilvægi verkefnisins. Fram hefur komið að umsamið verð var umtalsvert lægra en upphaflegar kröfur seljenda, auk þess sem það er afar mikils virði fyrir borgaryfirvöld að endurheimta skipulagsvald á svæðinu og tryggja að uppbygging á þessum mikilvæga reit verði borginni og þessari mikilvægu verslunargötu til sóma. Enn og aftur skal ítrekað að allt frá árinu 2002 hafa skipulagsyfirköld í borginni ekki gripið inn í þetta mál og því var það komið í þennan hnút. Ég vil aftur vekja athygli á því að bæði árið 2006 og 2007 var flutt tillaga um það í Borgarstjórn Reykjavíkur að gengið yrði til kaupa á þessum eignum, með það að markmiði að viðhalda 19. aldar götumyndinni og stuðla að sem blómlegustu og mest aðalandi mannlífi við Laugavegin.

Þó að verðmat Minjaverndar og VST hafi ekki verið fyrirbyggjandi í gögnum málsins í skjalasafni Ráðhúss voru þær kunnar og að sjálfsgöðu höfðu þær áhrif á sanningsmarkmið borgarinnar. Í umræddu verðmati er þó hvorki gert ráð fyrir löngum málaferlum vegna skaðabóta vegna málsins né heldur lagt mat á það menningarsögulega gildi sem það hefur að byggja upp með öðrum hætti á umræddum reit. Umrætt verðmat getur því aldrei verið annað en mat á umræddum fasteignum einum og sér og þannig aðeins verið til hliðsjónar við endanlega ákvörðun sem tekur mið af fleiri þáttum, eins og nefnt hefur verið.

Það hefur áður komið fram að fyrir liggur samhljóða samþykkt borgarráðs að kaupin á Laugavegi 4 og 6 hafi ekki fordæmisáhrif við verðmyndun annarra húsa við Laugaveg eða Kvos. Það liggur líka fyrir að borgaryfirvöld ætla sér að starfa í anda þess samkomulags sem er meirihluti fyrir í Borgarstjórn Reykjavíkur. Það er ljóst að aðstæður í máli Laugavegar 4 og 6 voru með þeim hætti að þeim verður ekki líkt við aðstæður almennt þegar ákvarðanir eru teknar um friðun eða verndun eldri húsa. Um langt skeið hefur alltof lítið verið gert til að bregðast við því ófremdarástandi sem ríkti við Laugavegin eftir deiliskipulagið 2002 og sá sem hér talar hefur lengi vakið máls á því að við því yrði að bregðast með kröftugum hætti og það hefur ekki verið gert þar til nú. Þær aðstæður verða að skrifast á reikning skipulagsferlis borgaryfirvalda um langt skeið, eins og áður segir, og líka

á reikning fyrrverandi meirihluta sem ekki kom sér saman um lausn málsins, enda sést sérstaða eins flokksins mjög vel í bókunum og heyrir þessa dagana.

Ég ítreka að engin formleg ákvörðun hefur verið tekin um það með hvaða hætti verður byggt upp á reitnum, þótt ýmsar hugmyndir hafi verið og séu til umræðu. Deiliskipulagsvinna fyrir þennan reit er þegar hafin á skipulags- og byggingarsviði og verður unnin í nánú samstarfi við Húsafriðunarnefnd, rýnihóp um málefni Laugavegar, Arkitektafélag Íslands og aðra þá hagsmuni og þá sem áhuga hafa á þessu mikilvæga verkefni.

Á fundi borgarráðs 24. janúar sl. samþykkti borgarráð að markmið endurbyggingar húsanna yrði að viðhalda götumyndinni en stækka jafnframt það rými sem nýtist í verslun eða aðra þjónustu, enda geri gildandi skipulag ekki ráð fyrir miklu slíku í starfsemi á reitnum, enda stærstur hluti hans ráðgerður undir rekstur hótels.

Með tillögu um friðun tilvitnaðra 10 húsa hér áðan er Húsafriðunarnefnd að gegna lögákvæðnu hlutverki sínu um að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar og meta hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögu til menntamálaráðherra. Lög um húsafriðun gera ekki ráð fyrir sérstakri aðkomu sveitarfélaga að slíkum tillögum eða ákvörðunum. Engin bráðahætta stafar af þessum húsum eða tilvist þeirra sem kallar á að Reykjavíkurborg beiti sér með einhverjum hætti gagnvart Húsafriðunarnefnd. Það liggur engin ákvörðun fyrir um kaup á þessum húsum, eins og ég sagði áðan, eða um Sirkus, en þessi mál verða öll skoðuð vandlega í samræmi við stefnumörkun nýs meirihluta um að standa vörð um 19. aldar götumynd Laugavegar.

Skipulagsráð samþykkti þann 30. janúar sl. að skipa sérstakan vinnuhóp vegna endurskoðunar á deiliskipulagsáætlun Laugavegarins og reita þar. Sá hópur verður skipaður miðborgarteymi frá Reykjavíkurborg en sérstakur vinnuhópur sem samanstendur af rýnihóp um málefni Laugavegar, fulltrúa Húsafriðunarnefndar og Arkitektafélags Íslands mun vinna með stýrihópnum, auk þess sem aðrir verða kallaðir til verksins. Tillaga þess efnis verður lögð fram í skipulagsráði á morgun og er miðað við að hópurinn leggi tillögu sína fyrir skipulagsráð í maí nk. Ekki er tímabært að kveða upp úr um þörf á hugsanlegum uppkaupum húsa fyrir en sá

stýrihópur skilar af sér tillögum og niðurstöðum varðandi verndunargildi húsa og húsaða við Laugaveg.

Þá er á það minnt að hægt er að standa vörð um byggingararfleifðina með öðrum hætti en að Reykjavíkurborg kaupi upp gömul hús sem verndunargildi hafa og ég ítreka að hér var um mjög sérstaka stöðu að ræða í þessu máli. Hagsmunir eigenda fasteigna í Miðborginni sem og fjárfesta geta vel farið saman við markmið nýs meirihluta. Við endurskoðun skipulagsáætlana Laugavegar verður þess gætt sem og hagsmuna almennings og þeirra mikilvægu sögulegu verðmæta sem felst í því að varðveita götumynd í Miðborg Reykjavíkur, eins og þær borgir sem mest blómstra í Evrópu hafa borið gæfu til að gera. Af þeirri reynslu eigum við að læra og ætlum við að læra.

Ég ítreka að húsaverndunarumræðan hefur tekið algjörum stakkaskiptum núna að undanfögnu og orðið mikil umskipti, bæði hjá almenningi og kjörnum fulltrúum varðandi afstöðu til þessara mála. Ég er viss um að sá byr sem við höfum í seglin mun nýtast okkur til að snúa málinu á þann veg að það verður til hagsmuna fyrir núlifandi sem komandi kynslóðir í borginni og að við verðum stolt af þeirri uppbyggingu sem mun eiga sér stað í Miðborginni á næstunni, ekki síst þegar verkin fara að tala í málum Laugavegar 4 og 6.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að veita andsvar.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Dagur B. Eggertsson veitir andsvar: Forseti, ágæta borgarstjórn. Mér finnst undarlegt að borgarstjóri skuli mótmæla því að fjárútlátin verði í kringum milljarður vegna þess að tölurnar sem hann rakti síðan og eru í verðmati VST draga það nákvæmlega fram. Það er alveg rétt hjá honum að það er aðeins óljóst hvort það sé akkúrat milljarður eða meira eða örlítið minna en um milljarður verður þetta og það bara blasir við á þessum tölum. Þess vegna held ég að það dugi ekki að fara í einhvern feluleik með það gagnvart borgarbúum að hér er verið að taka ákvörðun um það að láta milljarð króna renna úr borgarsjóði. Kannski væri hollt fyrir borgarbúa að borgarstjóri myndi upplýsa hvaðan eigi að taka þá peninga. Á að taka þá frá uppbyggingu skóla í Úlfarsárdal til dæmis? Hvaðan á að taka þá peninga?

En borgarstjóri var heiðarlegur að upplýsa að gögnin sem fyrir lágu voru ekki höfð til hliðsjónar vegna þess að það voru önnur sjónarmið en þau sem í gögnunum voru sem að réðu ferðinni. Í fyrsta sinn í sögunni er sem sagt ekki verið að horfa til markaðsverða á fasteignum eða mats tilkallaðra fasteignasala á því hvað er réttlætandi að borga heldur ræðst það bara svona í pólitískum viðskiptum manna á milli sem eru raunar ekki að versla með hús heldur meirihluta.

En fyrst urðu yfirlýsingar borgarstjóra áhugaverðar þegar hann lýsti þeirri skoðun að það væri í raun og veru ekki bara í málefnum Laugavegar 4 og 6 sem hann væri hugsji heldur ríkti ófremdarástand um allan Laugaveg. Um allan Laugaveg ríkir ófremdarástand í skipulagsmálum, vegna deiliskipulagsins sem þar hefur verið samþykkt. Og hvað þýðir þetta á mannamáli? Hvað þýðir þetta varðandi 10 húsin? Hvað þýðir þetta varðandi Laugavegin allan? Því að yfirlýsingar borgarstjóra um að öðrum húsum stafi ekki bráð hætta, falla algjörlega í skugga þeirrar yfirlýsingu að hann telji raunar ófremdarástand ríkja um allan Laugaveg og óska ég eftir frekari skýringum á því hvað þar er átt við og hvernig eigi að bregðast við þessu ófremdarástandi.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari hæstvirtur borgarstjóri.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon svarar andsvari: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég sagði í ræðu minni áðan að það hefði lengi verið ríkjandi ófremdarástand í skipulagsmálum Laugavegar, sérstaklega frá árinu 2002. En það hefur verið jafnt og þétt að breytast núna að undanfögnu og hugarfarsbreyting átt sér stað, bæði innan borgarstjórnar sem utan. Það liggur fyrir að við höfum þann byr núna í seglin að við getum vel snúið vörn í sókn í þessu máli og það ófremdarástand sem ríkti eftir deiliskipulagsvinnuna 2002 hefur jafnt og þétt verið að taka á sig betri mynd og mun gera það í mjög auknum mæli nú á næstu mánuðum og árum, þegar verkin fara að tala í þessu máli og hugarfarsbreytingin skilar sér.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að við sitjum uppi með kostnað og þegar talað er um milljarða í þessu máli, þegar þetta dæmi er klárað og búið að byggja þarna upp og fá heilmikil verðmæti til baka, þá er hér um tölur að ræða sem eru hvergi nærri veruleikanum. En ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það að sinni.

Forseti: Þá hefur hæstvirtur borgarstjóri lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Dagur B. Eggertsson veitir andsvar öðru sinni: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég þakka aftur borgarstjóra fyrir að skýra þetta frekar. Það er sem sagt þannig að allt skipulagið sem samþykkt var við Laugaveg bjó til ófremdarástand og nú á að láta verkin tala í að laga það. Það er sem sagt búið að skýra það fyrir borgarstjórn að þetta snýst ekki bara um milljarðinn sem á að setja í Laugaveg 4 og 6 heldur næst á að snúa sér að að laga ófremdarástandið sem húsin 10 sem Húsafriðunarnefnd er að leggja til friðun á og deiliskipulag við Laugaveg kallar á. En við getum alveg verið rólegt vegna þess að borgarstjóri dró það fram að í þessu þá færu áherslur nýs meirihluta og hagsmunir eigenda saman. Það er einmitt það sem hræðir – að hér hefur í þessu einstaka máli nýr meirihluti sýnt að hann lætur hagsmuni sína og hagsmuni eigenda fara saman í því að borga 300 milljón króna yfirverð sem eru sannarlega hagsmunir eigenda. En hvað var það sem gleymdist? Það voru hagsmunir húsverndar og almannahagsmunir.

Enn og aftur er Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi og Sjálfstæðisflokkurinn að sýna að hann er algjörlega tilbúinn að láta hugsjónir sínar, almannahagsmuni og meðferð almannaþjófnaðar vika fyrir þröngum flokkshagsmunum, í þessu tilviki í viðskiptum um meirihluta við borgarstjóra Ólaf F. Magnússon. Borgarstjóri talar í stríðsyfirlýsingum um þau fjárútlát sem nú á að fara í með óljósum árangri, því ég verð að hryggja borgarstjóra með því að það er búið að tvö- ef ekki þrefalda verðmiðann á metnaði í húsvernd gagnvart öllum öðrum eignum á Laugavegi, gagnvart öllum öðrum eignum í Kvos, þannig að ég held að hann sé í nokkuð læstri stöðu með sínum nýju vinum þó að vissulega hafi hann haft hagsmuni eins eiganda mjög fyrir brjósti þegar þessi viðskipti voru gerð.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari hæstvirtur borgarstjóri.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon svarar andsvari öðru sinni: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég heyri það í fyrsta sinn að ég taki hagsmuni verktaka og eigenda og ýmissa þeirra sem hafa yfir miklu fjármagni að ráða, fram yfir hagsmuni almennings, yfir framtíðarhagsmuni Reykvíkinga, yfir söguleg verðmæti og annað sem skiptir miklu máli og verður jafnvel seint metið til fjár. Ég heyri þetta í fyrsta sinn að ég sé í fyrirgreiðslu fyrir vissa aðila sem hafa beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Ég hef lengi talað gegn því hér í Borgarstjórn Reykjavíkur að það væru teknir einir hagsmunir fram yfir aðra í þessum málum og það væru einmitt almannahagsmunir sem yrðu hafðir að leiðarljósi og eins og ég segi, þessi orð virka ekki á mig því ég hafði allt aðra sannfæringu og hef lengi haft og talaði lengi einn fyrir hinum raunverulegu framtíðarhagsmunum almennings í þessum málum hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, án þess að ég ætli að vera að velja öðrum einkunnir, en þessi orð skjóta langt framhjá því ég mun alltaf hafa hagsmuni almennings að leiðarljósi í þessu máli sem öðrum hér í Borgarstjórn Reykjavíkur.

Forseti: Óskar borgarfulltrúinn eftir að gera athugasemd? Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson gerir stutta athugasemd.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Dagur B. Eggertsson gerir stutta athugasemd: Forseti, ágæta borgarstjórn. Mér er ljúft og skylt að skýra þetta. Það mál sem hér liggur fyrir borgarstjórn felst í því að hús sem þremur dögum síðar hefðu verið friðuð af menntamálaráðherra og eigendur hefðu þannig fengið bætt á þáverandi markaðsverði, hefðu tryggt götummyndina og framtíð húsanna. Það sem hefði hins vegar ekki gerst ef að þess hefði verið beðið, er að eigendurnir hefðu fengið 300 milljón króna yfirverð án þess að lyfta hamri. Þetta skapar jafnframt mjög hættulegt fordæmi fyrir aðrar tillögur að friðun, fyrir önnur uppkaup á gömlum húsum og fyrir húsvernd í Reykjavík. Það er með þessum rökum sem ég held því miður já, að því megi halda fram að þarna hafi hagsmunir eigenda og nýja meirihlutans verið teknir fram yfir hagsmuni almennings og húsverndar.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að gera athugasemd. Þá tekur næstur til máls Óskar Bergsson borgarfulltrúi.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar hugsað er til baka um kaupin á húsunum á Laugavegi 4 og 6 er fljótferni. Við vorum að vinna að því að koma til móts við sjónarmið borgarfulltrúans Ólafs F. Magnússonar, við sem vorum með honum í meirihluta fyrir örfáum dögum eða vikum síðan. Skýrsla VST sem unnin var fyrir Minjavernd staðfestir það. Einhverra hluta vegna upplýsti borgarfulltrúinn og núverandi borgarstjóri sjálfstæðismenn ekki um það að þessi vinna væri í gangi. Það væri fróðlegt, hæstvirtur borgarstjóri, að þú gerðir borgarstjórn grein fyrir því hvers vegna þú upplýstir ekki samstarfsmenn þína í núverandi meirihluta um þá vinnu sem var í gangi, um að það væri verið að meta húsin og hvað væri raunverulegt verð fyrir húsin.

Þessar viðræður sem settar voru af stað af Sjálfstæðisflokknum og núverandi borgarstjóra sköpuðu í raun og veru aðstæður húseigenda á Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1a, sem er svona samningstækifæri lífsins, vegna þess að þar voru menn komnir í þá stöðu að það átti að kaupa húsin sama verði, hvað sem verðið væri. Því fór sem fór og eigendur húsanna gengu frá þessu samningaborði með einhvers staðar á bilinu 2-300 milljónum meira í vasanum en björtustu vonir þeirra höfðu staðið til. Hefðu húsin verið friðuð hefðu þau verið keypt á markaðsverði. Nú hefur meirihluti í Borgarstjórn Reykjavíkur í fljótferni sinni keyrt upp markaðsverð á gömlum húsum við Laugaveg sem gerir ekkert annað en að margfaldast í verði. Friðun þessara húsa hefði líka haft þann kost í för með sér að stjórnarsýsla Reykjavíkurborgar á sviði skipulagsmála hefði ekki verið niðurlægð með þeim hætti sem gert var. Það hefur í raun og veru meirihlutinn viðurkennt með því að setja af stað nýjan stýrihóp sem á að endurskoða allt deiliskipulag Laugavegar og víðar, þrátt fyrir það að vera nýbúinn að samþykkja tillögu eða samþykkt, eða kveða upp úr með í borgarráði að þessi kaup hafi ekkert fordæmisgildi. Það afsannið þið sjálf í meirihlutanum með því að fara af stað með endurskoðun á deiliskipulaginu.

Öllum þessum fjárútlátum hefði verið hægt að afstýra með því að gera í raun og veru allt annað en það sem gert var. Menntamálaráðherra hafði lýst því yfir að hún ætlaði að friða húsin. Þá hefði verið tekið mið af því að húsin verði endurbyggð. Kostnaðurinn borgarinnar í þeirri aðgerð hefði orðið mun minni og yfstrustu óskir Ólafs F. Magnússonar hefðu náð fram að ganga. Öll sú skipulagsvinna sem Reykjavíkurborg hefur lagt í Laugaveginna hefði líka staðið sterkar eftir en hún gerir núna þegar hún hefur nánast verið gerð að engu.

Borgarstjóri segir hér í ræðu sinni í dag að þessi kaup hafi ekki fordæmisgildi og hann er búinn að endurtaka það oft en einu sinni. Hann talar líka um að skipulagsvaldinu verði aftur komið til borgarstjórnar. Ég vil nú biðja borgarstjórnann að útskýra það þá fyrir mér, vegna þess að ég hef alla tíð talið að skipulagsvaldið hafi allan tímann verið fullkomlega á forræði borgarinnar, allan tímann. Þess vegna skil ég ekki alveg hvað borgarstjóri á við með þessu. Borgarstjóri fullyrðir líka að sú hótélbygging sem til stóð að risi þarna á reitnum gæti ekki undir neinum kringumstæðum komið til móts við 19. aldar götummynd Laugavegar sem er í raun og veru ekki síður 20. aldar götummynd vegna þess að þessi hús eru líka byggð í upphafi 20. aldar en ekki bara í lok þeirrar nítjándu. Ég held að þessi skoðun borgarstjórnans dæmi sig algjörlega sjálf vegna þess að við þurfum í raun og veru ekki annað en að líta hér út um gluggann til þess að sjá hvernig vel heppnað hótél er byggt upp í Miðborginni í gömlum stíl hér í Aðalstræti. Ég held að það hafi ekki þurft að gera miklar breytingar á gildandi deiliskipulagi við Laugaveg til þess að þessi sjónarmið hefðu geta verið nýtt og verndun götummyndarinnar hefði staðið eftir sem áður, þó að þessi hús myndu víkja, enda liggur það fyrir að þrátt fyrir þessi kostnaðarsömu uppkaup þá stendur ekki til að nota húsin í þeirri mynd sem þau eru. Þá spyr maður sig nú til hvers var leikurinn gerður og af hverju nýttu menn sér þá ekki það gylliboð húseigendanna í Kaupangi sem voru í raun og veru búnir að gefa fyrirverandi borgarstjóra húsin, að því tilskildu að þau yrðu flutt og menn gætu þá byggt eitthvað sem samrýmdist götummyndinni í staðinni.

Borgarstjóri fullyrta líka að hér væri ekki um milljarðaviðskipti að ræða. Ég hvet borgarstjóra til að lesa skýrslu VST sem unnin var fyrir Minjavernd sem staðfestir það. Staðfestir það að kostnaðurinn við að byggja upp húsið ofan á það kaupverð

sem borgarstjóranum ætti að vera kunnugt um, verður í kringum einn milljarður króna. Svo fannst mér líka einkennilegt í ræðu borgarstjóra þegar hann talaði um að það hefði verið ófremdarástand í skipulagsmálum Laugavegar allt frá árinu 2002 eða u.þ.b. frá þeim tíma sem deiliskipulag Laugarvegarins lauk. Ófremdarástandið var fyrir árið 2002, þess vegna var lagt af stað í skipulagsvinnu, þess vegna var lagt af stað í það að skoða annars vegar hagsmuni verslunar og hins vegar hagsmuni húsafriðunar. Mér finnst það vera kaldar kveðjur frá nýjum borgarstjóra til skipulagafyrvalda í Reykjavík að orða hlutina með þessum hætti, vegna þess að ef einhverjir voru að leggja sig fram um það að koma skipulagsmálum við Laugaveg í eðlilegt horf, þá var það starfsfólk skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur sem hefur lagt sig allt fram og standa í raun og veru núna ráðþrota gagnvart þessum viðskiptum nýs borgarstjórnarmeirihluta sem hefur í raun og veru sett allt skipulag Laugavegarins í uppnám.

Eins og ég sagði áðan þá hefur það komið fram að Sjálfstæðisflokkurinn og borgarstjóri ætla ekki að friða þessi hús. Það á að byggja þau upp í gömlum stíl. Ég spyr hvers vegna var það ekki gert og reynt að taka mið af því deiliskipulagi sem er í gildi? Vegna þess að ég fullyrði að það hefði verið hægt. Ég nefndi áðan að húsin hér við Aðalstræti sýna og sanna að svo er hægt. Ég er þeirrar skoðunar að hugmyndafræði Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, sem hefur verið kynnt fyrir landsmönnum á undanförunum vikum og mánuðum, hefði geta gengið á þessum stað, en sú hugmyndafræði gengur út á það – svo notuð sé ekki besta íslenskan – að menn „feiki“ upp gömul hús og það sé bara fínt, það sýni bara gamla götumynd, gamla miðborg og það sé það sem fólk er að sækjast eftir. Það hefði líka verið hægt, ágæti borgarstjóri.

Þrátt fyrir það að borgarstjóri og meirihluti borgarstjórnar fullyrði að þessi kaup séu ekki fordæmisgefandi, geri það ítrekað, þó maður finni ekki fyrir mikilli sannfæringu á bak við það, þá hafa bæði Torfusamtökin og Húsafriðunarnefnd ríkisins gengið á lagið. Torfusamtökin vilja núna friða 11 hús við Laugaveg, Húsafriðunarnefnd ríkisins vill friða 10 hús til viðbótar. Þau hús eru við Laugaveg 10, 11, 12 og 12b, 20b, 21, 29, 30, 41, 44 og 64. Það vekur athygli, borgarstjóri, að húsin nr. 32 og 33-35 eru ekki á þessum lista. Hvað ætlar borgarstjórinn að gera í

því? En nú liggur fyrir tillaga um að rífa þau hús. Ég óska eftir heiðarlegu og einlæggu svari.

Eins og ég sagði áðan, þá liggur það fyrir að heildarkostnaðurinn vegna þessara uppkaupa er um einn milljarður króna. Ég vil í því sambandi minna borgarfulltrúa og þá sem hér eru að hlusta á að skemmst er að minnast gríðarlegra átaka í Borgarstjórn Reykjavíkur vegna byggingarkostnaðar við hús Orkuveitunnar upp á Bæjarhálsi. Þar var byggingarkostnaðurinn þrjú milljarðar, fermetrarnir voru reyndar 15 þúsund en ég held að fermetrarnir sem hér um ræðir séu innan við 500. Ég held að það sé í raun og veru gott fyrir okkur öll að velta því fyrir okkur og bera þetta tvennt saman, hversu óskaplega miklum fjármunum er verið að verja til húsafríðunar miðað við önnur fasteignaviðskipti Reykjavíkurborgar. Þetta á sér enga hliðstæðu – enga.

Skipulagsvinna við Laugaveginn og þróunaráætlun fyrir Miðborgina hefur staðið yfir í mörg ár. Þar hefur verið reynt að koma til móts við sjónarmið húsverndunar og hagsmuni verslunar. Helstu sérfræðingar landsins á sviði húsverndar voru hafðir með í ráðum og þar með talin Húsafríðunarnefnd ríkisins. Vinnan stóð yfir í mörg ár og átti að taka mið af húsvernd annars vegar og hagsmunum verslunar hins vegar. Ég trúi því að það hafi verið gert. Ég trúi því að sérfræðingar þeir sem störfuðu með kjörnum fulltrúum og embættismönnum borgarinnar hafi verið að leggja gott eitt til. Rökin voru skýr. Samkvæmt húsverndinni sáu menn fyrir sér að hér áður fyrr voru tvær meginleiðir sem lágu út frá bænum sem var Kvosin. Önnur lá til vesturs sem er Vesturgatan eða Hlíðarhúsastígur og hin til austurs sem er Laugavegurinn. Laugavegurinn hafði í áranna rás fest sig í sessi sem helsta verslunargata þjóðarinnar og þess vegna yrði í raun og veru húsvernd að víkja í þeirri götu. Menn ættu hins vegar að leggja áherslu á friðun götumyndar Vesturgötu og halda þannig í gamla bæjarmynstrið. Þetta voru rökin. Ég trúði þeim, keypti þau, fannst þetta bara sannfærandi. En þau eiga greinilega ekki lengur við.

Þetta veltir líka upp í raun og veru hlutverki og stöðu sérfræðinga í lífi stjórnámálamannsins. Stjórnámálamenn eru í þeirri stöðu að þeir þurfa að taka ákvarðanir í mörgum málum og eru ekki sérfræðingar í öllum málum. Þess vegna skiptir máli að fá góða leiðsögn. Góða sérfræðinga sem ráða manni heilt. Hvar eru

þeir núna? Hvar eru sérfræðingarnir sem ráðlögðu borgaryfirvöldum, kjörnum fulltrúum þess tíma, að fara í þetta deiliskipulag Laugavegarins? Friða frekar Vesturgötuna, byggja upp á Laugaveginum. Hver er ábyrgð þeirra? Er það samkvæmisleikur að taka þátt í ráðgjafa- og skipulagsvinnu fyrir Reykjavíkurborg og menn geti bara horfið frá því og stillt sér jafnvel upp í mótmælendahópnum þegar best á reynir? Þetta er hlutur sem við þurfum að velta fyrir okkur vegna þess að stjórnámálamennirnir geta ekki verið sérfræðingar á öllum sviðum, við þurfum á þeim að halda og þá finnst mér það líka þurfa að vera skýr krafa til þeirra að þeir standi þá í lappirnar þegar gagnrýnin á störf þeirra kemur fram en stjórnámálamennirnir standi ekki einir eftir.

Kannski erum við kjörnir fulltrúar ekki nógu djörf að hafa sett fram þá stefnu að uppbygging í Miðborg Reykjavíkur eigi bara að taka mið af byggðamynstri seinni hluta 19. aldar og byrjun þeirrar tuttugustu. Kannski væri bara einfaldast að samþykkja hér bara einfalda byggingarsamþykkt þar sem þétting byggðar og uppbygging í Miðborginni tæki bara mið af götumynd 19. aldar og upphafi tuttugustu. Þá væri nú bara mikill vandi leystur. Þá þyrfti ekki að búa til enn einn stýrihópin, enn eitt sérfræðingateymið til þess að leiða okkur borgarfulltrúa hér á asnaeyrunum áfram. Þá liggur það bara fyrir, slíkar byggingarsamþykktir hafa verið gerðar og eru einfaldar og það myndi líka léttu starfsfólki skipulags- og byggingarsviðs talsvert mikið vinnuna. Nú er ég ekki að leggja þetta fram sem tillögu. En ég legg þetta fram hér til umræðu vegna þess að almenningur í Reykjavík getur ekki horft upp á húsverndarumræðu í Reykjavík leggja af stað inn í annan áratug án þess að nein niðurstaða hafi orðið af þeirri umræðu sem hefur átt sér stað núna áratuginn á undan. Það er ekki boðlegt, ágætu borgarfulltrúar. Þess vegna þurfa menn, úr því að þeir ætla að setja húsafriðunarmálin í enn einn stýrihópin, að láta þá vinnu ganga hratt fyrir sig og eyða þeirri óvissu sem komin er upp í skipulagsmálum Miðborgarinnar.

Ágæti forseti og borgarfulltrúar. Ég vil að lokum ítreka spurningu mína til borgarstjóra vegna nýrrar friðunartillögu Húsafriðunarnefndar – ætlar Borgarstjórn Reykjavíkur að taka mið af þessum tillögum og kaupa þær eignir sem nú þegar er niðurrifsheimild á skv. gildandi deiliskipulagi eða ekki? Ég held að það sé mjög mikilvægt að það svar komi strax fram vegna þess að bæði eigendur þessara húsa

Bstj. 5. febrúar 2008

og almenningur í borginni á rétt á því að vita hvað borgarstjóri og meirihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur ætlar að gera við tillögu Húsafriðunarnefndar og ég nefndi hér áðan húsinn að Laugavegi 33-35, þar liggur fyrir niðurrifsheimild. Spurningin er – og hæstvirtur borgarstjóri, ég reikna með að fá einlægt og heiðarlegt svar – stendur til að rífa húsinn við Laugaveg 33-35 auk annarra húsa sem Húsafriðunarnefnd ríkisins hefur lagt til að verði friðuð?

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er ljóst að þau hús sem nú hafa komið til tals og friðunar frá Húsafríðunarnefnd, þau mál verða skoðuð vandlega og fara inn í þá heildarendurskoðun á skipulagi sem stendur fyrir dyrum. Það liggur ekki fyrir að verði ráðist í kaup á fleiri húsum á næstunni sem gefin hefur verið niðurrifsheimild á. Við munum einfaldlega skoða þessi mál vandlega og reyna að ná að leysa þessi mál í góðri sátt við minnihluta borgarstjórnar, við alla aðra sem að þessu máli koma með hagsmuni sögunnar og almennings að leiðarljósi. Mér er að sjálfsgöðu annt um þessi hús sem borgarfulltrúi Óskar Bergsson nefndi sérstaklega, enda flutti ég tillögu um það í borgarstjórn árið 2005 að þau yrðu ekki rifin. Ég mun vinna að því eins og ég get en geri mér alveg grein fyrir því að ég get ekki gefið út neinar yfirlýsingar hér um nákvæmlega hvernig að því verður staðið nema að það verður farið mjög vel og vandlega ofan í saumana á þessu, eins og öðru heildarendurskipulagi á gamalli byggð við Laugaveg, eins og nú stendur fyrir dyrum.

Ég vil ítreka það að skipulagsvinnan sem unnin hefur verið á undanförunum árum nýtist auðvitað að verulegu leyti, þó hún sé endurskoðuð. Ég hef alltaf haft að leiðarljósi í störfum mínum í borgarstjórn og lengi í skipulagsnefnd og síðar skipulagsráði virðingu fyrir vinnu og þekkingu þess fagfólks sem þar starfar. Ég heyrði nú oft einmitt þaðan að hún mætti víða vera meiri heldur en stundum hefur reynst vera. Ég vil líka ítreka að það er mjög mikið talað um varðandi Laugaveg 4 og 6 eins og sé bara verið að ræða um þessi hús, þau eru hluti af húsaröðinni Laugavegur 2-6 og það er möguleiki að endurbyggja á lóðinni fyrir aftan húsin og Skólavörðustíg 1a, þannig að hér er um mikla uppbyggingar- og endurskipulagningarmöguleika að ræða sem gera okkur kleift að ná fram okkar markmiðum varðandi götumynd, húsamenningu og blómlegt iðandi mannlíf við Laugaveg.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá óskar borgarfulltrúi Óskar Bergsson eftir að veita andsvar við ræðu borgarstjóra.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Óskar Bergsson veitir andsvar: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er nú bara stutt spurning til borgarstjóra, vegna þess að það er ekki hægt að komast framhjá þessari umræðu öðruvísi en að menn tali meira um peninga líka. Það hafa farið fram í raun og veru dýrustu fasteignakaup sem sögur fara af í sögu Reykjavíkurborg og það er eðlilegt að spurt sé hvaðan á að taka peningana. Á að taka þá af þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru í uppbyggingu grunnskólans eða leikskólans? Eða á að taka lán fyrir þessu? Það er grundvallaratriði, hæstvirtur borgarstjóri, að það sé gerð grein fyrir því hvaðan þessir peningar eru teknir.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari hæstvirtur borgarstjóri.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon svarar andsvari: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég einfaldlega hafna þeim málflutningi að hér eigi að fara til langrar framtíðar að verja gífurlegum fjárhæðum til þessara verkefna, eins og borgarfulltrúi Óskar Bergsson heldur fram og við ætlum að fara að taka þessa peninga út úr velferðarkerfinu jafnvel. Það verður svo sannarlega ekki látið gerast í þessum meirihluta að við stöndum ekki við þær megináherslur sem við höfum á velferð og öryggi borgarbúa, eins og segir í yfirsögn okkar málefnasamnings. Það liggur alveg fyrir að hagsmunir borgarbúa og vönduð meðferð almannaþjálfa verða höfð að leiðarljósi. Sú staða sem þetta mál var komið í, fulltrúar F-lista bera líklega einna síst ábyrgð á því hvernig skipulagsmálin höfðu þróast í þessu máli um langt skeið þar til að því kom að höggva á hnútinn.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir Óskar Bergsson borgarfulltrúi andsvar öðru sinni.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Óskar Bergsson veitir andsvar öðru sinni: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég er engu nær vegna þess að mér finnst eins og hæstvirtur borgarstjóri sé ekki ennþá farinn að trúá því að hann var að kaupa hús og ætlar að fara að gera þau upp fyrir einn milljarð króna. Ég held að það liggi algjörlega fyrir. Allir sem hafa kynnt sér skýrsluna, kynnt sér kaupsamninginn, þá liggur það fyrir 1000 milljónir fara í þetta hús. Ef Reykjavíkurborg hefur hugsað sér að selja húsið aftur þá verður það kannski kaupverð upp á 400-500 milljónir, eitthvað svoleiðis, til einkaaðila, vegna þess að markaðurinn er ekki að borga meira fyrir uppgerð hús á þessum stað. Þannig að hreint tap af viðskiptunum er 500 milljónir. Þannig að við erum að tala um kostnað Reykjavíkurborgar klárlega upp á 1000 milljónir ef til stendur að eiga húsin áfram en hreint tap af fjárfestingunni upp á hálfan milljarð ef til stendur að selja. Því fyrir sem borgarstjóri áttar sig á þessum staðreyndum því betra.

Forseti: Óskar Bergsson borgarfulltrúi hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari hæstvirtur borgarstjóri.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon svarar andsvári öðru sinni: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ítreka það sem ég hef sagt áður, það mun skila sér heilmikið til baka, bæði í peningum, menningarverðmætum, athafnalífi við Laugaveg, ferðamennsku o.s.frv. Þannig að hér eru ekki öll kurl komin til grafar, eins og borgarfulltrúi Óskar Bergsson setur þetta fram. Ég vona að við getum haldið áfram með þessa umræðu og við getum hleypt fleiri ræðumönnum að til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, þannig að ég mun núna safna saman svörum til að svara þannig að fleiri geti tjáð sig um þetta mál.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvári. Þá er andsvörum lokið og til máls tekur Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Þessi umræða hér er nú um margt dálítið sérkennileg, enda snýst hún minnst um þessi hús en mest um verðið sem var greitt fyrir þau. Ég held að þar séu menn á dálitlum villigötum og skil reyndar ekki röksemdafærslurnar sem fram eru bornar hér t.d. af borgarfulltrúa Óskari Bergssyni og ekki heldur af Degi B. Eggertssyni. Staðan er sú að við höfum öll verið að vinna með og í kringum þetta mál í langan, langan tíma. Og að reyna að halda því fram að þetta mál sé nákvæmlega eins og önnur mál við Laugavegin er auðvitað í engu samræmi við það allt saman. Og að reyna að halda því fram að þetta sé að setja málin við Laugavegin í einhverja upplausn er náttúrulega með hreinum ólíkindum, sérstaklega þegar þau eru fram borin af fyrrverandi varaformanni skipulagsráðs og fyrrverandi formanni skipulagsráðs, sem bera auðvitað mesta ábyrgð ásamt Steinunni Valdísi Óskarsdóttur og Árna Þór Sigurðssyni á þessu máli öllu saman. Því þá var ekki gert neitt annað, og það veit Dagur B. Eggertsson jafn vel og ég, heldur en að fullvinna skipulagið í samræmi við það skipulag sem þegar hafði verið afgreitt af R-listanum núna í september sl. Dagur B. Eggertsson og Óskar Bergsson borgarfulltrúar vita það líka jafn vel og ég vegna þess að þeir sátu fund borgarráðs þar sem tillagan var afgreidd, tillagan um það að fara í þessar samningaviðræður með það að markmiði að borgin myndi kaupa þessi hús, að þarna var ekki á ferðinni fordæmi. Það var sérstaklega bókað um það að menn teldu að þessi hús væru einstök, þessi reitur væri einstakur og þetta fæli ekki í sér nokkurt einasta fordæmi fyrir önnur hús við Laugavegin eða í miðborginni. En menn virðast gleyma þessu þegar það hentar þeim í umræðunni.

Alveg eins og menn rukka hér um svör endalaust þá ættu kannski þessir sömu herra menn að svara því hvers vegna í ósköpunum þeir voru þá ekki búnir að leysa málið. Þeir höfðu til þess marga, marga daga, margar vikur og marga mánuði. Þessi meirihluti sat í rúma 100 daga og það var löngu vitað og það vissi Óskar Bergsson því hann var varaformaður þegar ég var formaður í skipulagsráði, hvenær kúlan færi á þessi hús. Af hverju í ósköpunum var Óskar Bergsson borgarfulltrúi, ef hann er með allar lausnir í málinu, ekki búinn að leysa málið?

Hvers vegna í ósköpunum lét hann það fara í þennan farveg að lenda í fanginu á Húsafriðunarnefnd og menntamálaráðherra? Af hverju kláraði Óskar Bergsson ekki málið? Það eru engin andsvör hér, þú verður að koma upp til þess, borgarfulltrúi. Óskar Bergsson og Dagur B. Eggertsson og fleiri í þáverandi meirihluta fóru frá málinu án þess að klára það vegna þess að það var bullandi ágreiningur í þeirra hópi um málið og þeir gátu ekki klárað það. Svo standa þeir hér upp hver á fætur öðrum og þykjast vera með lausnirnar. Þeir hefðu þá átt að klára það þegar það voru forsendur til þess. Það er kannski ekki nema von að menn hafi ekki náð að klára það, það lá fyrir að hæstvirtur núverandi borgarstjóri hafði aðra afstöðu, borgarfulltrúar vinstri grænna höfðu aðra afstöðu og ég vitna t.d. hér í grein eftir varaborgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur þar sem hún skrifar á sinni heimasíðu – sem hún er svo skemmtilega lítillát að kalla „Sóley bjargar heiminum“ sem er gott mál – og þegar hún skrifaði þennan pistil 10. janúar 2008 þá ætlaði hún að bjarga heiminum með því að tryggja það að þessi hús fengju að standa og tryggja það að götummyndin yrði varðveitt. Svo vitnað sé beint í orð borgarfulltrúans sem bjargar heiminum, með leyfi forseta, þá segir varaborgarfulltrúinn:

„Vissulega kostar þetta peninga. Mjög mikla meira að segja. En hvað kostar götummynd? Hvað kostar menningararfur? Hefur einhver einhvern tímann verðlagt þessa hluti?

Hver sem kemur til með að standa straum af kostnaði, verði húsin friðuð tel ég afar líklegt að sá kostnaður eigi eftir að margborga sig. Nægir þá að velta fyrir sér verðmæti þeirra húsa sem til hefur staðið að rífa á öðrum tímapunktum í sögunni.“

Það er ekki nema von að Óskar Bergsson borgarfulltrúi og Dagur B. Eggertsson þáverandi borgarstjóri hafi ekki náð að klára málið. Það þurfti bara annan meirihluta til þess að klára málið. Óskar Bergsson hefur mikla reynslu af skipulagsmálum og hann veit það jafn vel og að það er afar mikilvægt að borgin haldi í sínum höndum skipulagsvaldi. Með því að setja málið í þann farveg þegar þáverandi borgarstjóri kom og sagði: „Ég ætla að eiga húsin“ – sem hann þykist núna hafa fengið að gjöf og borgin eigi húsin, hann fékk þau að gjöf. Til hvers fékk hann þau að gjöf? Til þess að fara með þau niður í Hljómskálagarð! Eins og hann lýsti yfir á forsíðum blaðanna. Þáverandi borgarstjóri ætlaði með þau niður í

Hljómskálagarð. En hvað sögðu félagar hans þá? Þá sögðu Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi og Margrét Sverrisdóttir – ‘Nei takk, húsin eru ekki að fara neitt niður í Hljómskálagarð, bara alls ekki. Þetta snýst ekkert um þessi hús og þau eiga ekkert að fara niður í Hljómskálagarð. Það á að viðhalda götummyndinni.’ Svo kom Björn Ingi Hrafnsson, þáverandi borgarfulltrúi og sagði líka nei takk, það á bara að halda sig við gildandi skipulag. Það er þess vegna ekki nema von að menn hafi ekki getað leyst það en standa síðan hér upp hver á fætur öðrum með lausnirnar. Ástæðan fyrir því að málið er komið í þann farveg sem það er komið í og ástæðan fyrir því hversu erfiðlega hefur gengið að leysa málið er sú að þið sátuð, hæstvirtir borgarfulltrúar sem hér sitjið, með hendur í skauti og gátu ekki klárað málið. En borgarstjóri þáverandi var hins vegar svo borubrattur að hann kom og sagði ‘Ég bjargaði húsunum, ég lét stoppa niðurrifið deginum áður en það átti að hefjast.’ Ef að Degi B. Eggertssyni var það ljóst deginum áður en átti að rífa húsin að það væri að hefjast niðurrif, þá var Dagur B. Eggertsson ekki að vinna vinnuna sína sem borgarstjóri, vegna þess að þetta var ljóst mörgum mánuðum áður og ef að hæstvirtir borgarfulltrúar sem nú hafa allar lausnir hefðu sest yfir málið þá, þá hefðu þeir átt að klára það. Þess vegna er það farsælt að þessi meirihluti sé búinn að klára málið og það er alveg rétt sem báðir borgarfulltrúarnir segja og það er rétt sem varaborgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir segir – þetta kostar peninga. Það er enginn að reyna að halda því fram að þetta kosti ekki peninga. Þetta mun þýða útgjöld fyrir borgina. Það er alveg klárt. Við getum tekist hér á um það hversu mikið eða lítið það er og við getum tekist á um það í þessu menningarsögulega samhengi hvort það sé mikill eða lítill kostnaður. Við munum bera af þessu kostnað. Og hvernig sem málið hefði farið, sama hvaða lausn hefði orðið ofan á, þá hefði hún kostað borgarstjórn peninga. Vegna þess að ríkið – þrátt fyrir margumrædda grein – hefði ekki ætlað að greiða fyrir þetta. Við hefðum séð fram á langt ferli krafna um skaðabætur, löng málaferli um hver eigi að greiða hvað og hverjum og hvenær. Við höfum horft á þennan reit í fullkomnu uppnámi í mörg, mörg ár. Ég get ekki trúað því að þessir borgarfulltrúar sem hér tala hafi viljað það en það var staðan sem við stóðum frammi fyrir. Margra ára vandræði í kringum þennan reit sem þegar hefur gengið í gegnum margra ára vandræði og við hefðum ekki náð að byggja þar upp með þeim hætti sem við kjósum. Við hefðum að öllum líkindum ekki náð að gera nokkurn skapaðan hlut þar, þannig að hann hefði staðið óhreyfður, vegna þess að það hefði farið í gang málaferli milli ríkis og borgar um

hver ætti að greiða hverjum hvað og hvaða skaðabætur þessir eigendur hefðu átt að fá. Það er alveg rétt að verðið er hátt. Það er hins vegar margfalt lægra en þessir aðilar töldu að þeim bæri að fá fyrir þetta. Og þegar menn tala um þessa skýrslu – og mér finnst fyrrverandi borgarstjóri nokkuð brattur þegar hann kemur hér upp og vitnar í þessa skýrslu – við vissum auðvitað af þessari skýrslu, núverandi borgarstjóri vissi af henni og menn vissu af niðurstöðunum í henni, en hver lá og sat á skýrslunni í marga, marga daga? Þáverandi borgarstjóri, sem hvergi deildi skýrslunni sem barst til hans 14. janúar og var upplýst á fundi borgarráðs í fyrsta skipti 24. janúar! Þá í fyrsta skipti lagði þáverandi borgarstjóri skýrsluna fram. Hann hafði ekki séð ástæðu til þess að láta kynna hana í skipulagsráði, ekki séð ástæðu til að kynna hana í borgarráði, hún hafði aldrei verið kynnt borgarfulltrúum fyrir en formlega þarna. Hún var ekkert kynnt formlega, heldur bara lýsti fyrrverandi borgarstjóri því yfir að þessi skýrsla hefði verið gerð og hann hefði hana undir höndum. Þannig að ég held að þáverandi borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, ætti að líta í eigin barm þegar hann stendur hér upp og fer mikinn í því. En auðvitað vissu menn af því hvaða tölur voru þarna í gangi. Menn fóru ekkert í graf götur með það. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Menn vissu nákvæmlega að tölurnar í umræddri verðmatskýrslu væru lægri heldur en 580 milljónir. En menn töldu að þetta verkefni væri þess virði. Við erum sannfærð um að það að taka þetta skipulagsvald til baka, það að eyða óvissunni, það að geta byggt upp á þessum reit til sóma fyrir Laugavegin og fyrir okkur öll, það sé verkefnisins virði. Þá eiga Dagur B. Eggertsson og Óskar Bergsson bara að koma hér hreint upp og segja: ‘við teljum að þetta verkefni sé ekki þess virði’. Fínt! Þá eru bara víglínurnar í því alveg skýrar. Við teljum að málið hafi verið komið í það miklar ógöngur og við hefðum staðið frammi fyrir það langri klemmu, skipulagslega á þessum reit, að það borgi sig að taka aftur í taumana á þessu svæði og tryggja að þarna sé hægt að byggja upp með þeim hætti sem er til góðs fyrir götuna. Málið var komið í algjörar ógöngur, þrátt fyrir það að Dagur B. Eggertsson, þáverandi borgarstjóri, það var ekki eins og hann væri valdalaus, og Óskar Bergsson hafi allar lausnir á takteinum. Nákvæmlega, Óskar Bergsson kinkar kolti, hann hafði þær. Þá verður borgarfulltrúinn að svara því hvers vegna þær urðu ekki að veruleika. Hvers vegna menn komu málinu í þennan farveg, að við vorum búin að missa algjörlega valdið á þessum reit. Við gátum farið að horfa framan í margra ára lagadeilur og lagaflækjur út af málinu og ég veit það vegna þess að – hann

hristir hausinn – það eru þær upplýsingar sem ég hef. Ef að borgarfulltrúarnir Dagur B. Eggertsson og Óskar Bergsson hafa allar þessar lausnir þá skil ég ekki hvers vegna þeir kláruðu ekki málið. Óskar Bergsson borgarfulltrúi segir að við höfum tekið fram fyrir hendurnar á honum. Það er þá farsælt, það var alla vega Laugaveginum til framdráttar, vegna þess að þið gátuð ekki klárað þetta á 104 dögum og hefðu því miður, kæri borgarfulltrúi Óskar Bergsson, ekki klárað þetta á næstu 104 heldur.

En aðeins til að fara yfir söguna í þessu máli þá er náttúrliga alveg ljóst og það hefur verið – ég get ekki tekið undir að það ríki einhver óvissa í skipulagsmálum við Laugavegin og þegar Óskar Bergsson leyfir sér að tala um einhverja gríðarlega óvissu og óánægju inn á skipulags- og byggingarsviði þá er hann í betra sambandi við það svið heldur en ég sem að þó er formaður ráðsins. Þetta skipulag var samþykkt í tíð R-listans árið 2002 og ég gæti alveg staðið hér og flutt langar ræður um það að það hafi verið hrikaleg skipulagsmistök af hálfu R-listans og þetta hafi nú allt verið ómögulegt og menn hafi gengið fyrir, eins og þeir gjarnan gera hér þegar þeir eru að gagnrýna aðra flokka, einhverjum hagsmunum verktaka og kaupmanna og látið einhver annarleg sjónarmið ráða för í skipulagi við Laugavegin. Ég gæti alveg gert það og kann alveg þá ræðu skolli vel. En ég held að á sínum tíma hafi menn raunverulega verið að vanda sig við þetta. Ég held að menn hafi sagt: ‘Bíddu, það er ákveðinn vandi við Laugavegin, það er ekki nægilega mikil verslun þar, einhverra hluta vegna er gatan ekki að blómstra sem verslunargata, hvernig bregðumst við við því?’ Og menn brugðust við því þá með þeim ráðum sem þeir kunnu þá. Það var að auka byggingarmagnið og leggja til að ákveðin hús færu o.s.frv. og það var samstaða um þetta hér, fyrir utan fulltrúa Frjálslynda flokksins, á sínum tíma. Algjör samstaða um það. Það var virkilega ágætlega að þessu staðið, fyrir utan einhver skyndiupphlaup sem ég ætla ekkert að fara út í hér, enda eru menn ekki hér til að svara fyrir það, hvorki Ingibjörg Sólrún né Árni Þór Sigurðsson eða Steinunn Valdís Óskarsdóttir. En skipulagið var samþykkt og deiliskipulag á Laugavegi fyrir marga reiti samþykkt og samþykkt af öllum. Þar voru menn að reyna að tryggja að þarna yrði verslun og viðskipti.

Síðan er það bara þannig – og kannski er dálítið til í því sem borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur sagt – að þessi saga og saga skipulagsmála við Laugavegin

undanfarin misseri og ár, er dálítið saga þess að viðhorf séu að breytast. Hún þekkir það ljómandi vel því hún kom hér inn með aðra skoðun heldur en hennar forverar höfðu gert. Ég held að það sé rétt og ég hef tekið mörg samtöl, sérstaklega við borgarfulltrúa Óskar Bergsson um það, fleiri heldur en Dag B. Eggertsson, um að það séu ákveðin sjónarmið að breytast og menn eigi að reyna að mæta þessum sjónarmiðum sem fela það í sér. Þrátt fyrir að það hljómi klisjulega þá er það þannig og er kannski klisja af því að það er dálítið mikið til í því, að menn eru að reyna að blanda þessari verndun við uppbyggingu. Nú eru ákveðnir hlutir og nýsköpun í arkitektúr og öðru sem gerir það að verkum að það er miklu færara og miklu auðveldara heldur en það var fyrir nokkrum árum síðan, svo ég beri nú blak af R-listanum og reyni að verja þeirra aðgerðir, þá held ég að það hafi verið þannig.

Þess vegna er það svo núna að við höfum t.d. á undanförunum mánuðum verið að gera hluti við Laugaveg þar sem við höfum tekið ákveðið vald í okkar hendur. Ég ætla að nefna tvö mikilvæg dæmi um það. Það er annars vegar Hljómalindarhúsið, sem mátti fara skv. skipulagi en þegar var verið að semja við eigendur um að kaupa þann reit, þá var það gert að skilyrði af hálfu borgarinnar að það hús færi hvergi. Það var bara hluti af þeim samningum sem voru gerðir að það hús færi hvergi. Það var ein aðgerð af hálfu borgarinnar til að tryggja að þau hús sem þegar máttu fara færu ekki. Önnur aðgerð er í kringum Vínberíð, upp við Laugaveg 41, 43, 45, aftur var það gert til dæmis, sett inn í samkeppni og bókað af hálfu borgarráðs og skipulagsráðs fyrir svona ári síðan að það væri vilji borgarinnar að þessi hús fengju að standa eða götmyndinni yrði viðhaldið og það yrði tengt við aðra uppbyggingu og það virðist líka ætla að verða að veruleika. Þannig að borgin hefur alveg verið að beita sér á ýmsum reitum við Laugavegin til þess að tryggja að götmyndin haldi og þessi viðhorf um verndun og uppbyggingu tengist. Þannig að það eru um það mörg dæmi og hefur verið ágæt samstaða um það. Ég held að það sé mikilvægt.

Þá komum við aftur að því sem borgarfulltrúi Óskar Bergsson nefndi réttilega hér áðan og það tengist þessu, það tengist reyndar líka því að það var um það samstaða af hálfu borgarfulltrúa meirihlutans og Svandísar Svavarsdóttur að fara í þessar viðræður og svo var samstaða meðal sömu borgarfulltrúa um að þetta væri ekki fordæmisgefandi. Þá er alveg eðlilegt að menn spyrji – hvað þá með húsin 10 sem

Húsafriðunarnefnd er núna að leggja til að verði friðuð. Flest þessara húsa njóta þegar verndunar skv. skipulagi, ekki öll, flest þessara húsa, sagði ég, njóta verndar skv. skipulagi og eru því ekki að fara. Þannig að verði þau friðuð þá er það bara annað form á því að þessi hús mega þegar standa. Ég var hér að kanna þetta bara rétt áðan og mér sýnist að það séu spurningamerki í kringum þrjú af þessum tíu húsum. Þá verður að sjálfsögðu tekið á því og það verður skoðað en húsin nr. 10, 12, 20b, 30, 44 og 64 njóta verndunar skv. skipulagi, þannig að í raun og veru eru þau að standa, þannig að á því verður í raun og veru engin breyting. Það eru engar sviptingar að verða hvað þessi hús varðar. Þannig að friðun eða ekki friðun, mikill meirihluti þessara húsa nýtur þegar verndunar, þannig að þar liggur afstaða borgarinnar. Húsafriðunarnefnd er þá bara að ganga í takt við borgaryfirvöld í því vegna þess að þau njóta verndunar.

Síðan eru það nokkur hús þarna, eins og Óskar Bergsson nefnir réttilega, sem að má fjarlægja en Húsafriðunarnefnd er að óska eftir friðun á, þá verður það að sjálfsögðu skoðað og menn fara yfir það. En það er, eins og ég sagði áðan og við höfum ítrekað nefnt í þessu, að kaupin á þessum Laugvegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1a eru ekki fordæmisgefandi og það er alveg kýrskýrt og kemur fram í þessari bókun borgarráðs. Þess vegna skil ég ekki ...

Forseti: Ég ætla að minna borgarfulltrúann á það að þetta er ekki samtal. Hann er búinn að biðja um orðið og búinn að tala og búinn að veita andsvar og hvaðeina. Hann er beðinn að hafa sig hægan á meðan ræðumaðurinn er að ljúka máli sínu.

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Ég þakka fyrir það. Óskar Bergsson borgarfulltrúi er farinn að iða eitthvað óþægilega í sætinu en það er bara ljúft.

En til þess að fara aðeins yfir þetta í heild sinni þá er kaupverðið, eins og hefur komið fram, 580 milljónir, það eru miklir peningar. Það er enginn að reyna að fela það. En við teljum og erum sannfærð um, eins og ég sagði áðan, að þannig losum við um þetta verkefni, eyðum óvissunni og tryggjum að við höfum skipulagsvaldið og að þess vegna sé þetta mjög ásættanlegt verð fyrir utan það að við teljum verkefnið vera þess virði að fara í það. Það er auðvitað aðalatriðið í þessu.

Varðandi síðan í hvaða farveg þessi mál öll saman fara þá er það þannig að borgarráð samþykkti á sama fundi, 24. janúar, að fara í heildarendurskoðun á

Þessum reitum við Laugavegin sem helst hafa verið í umræðunni. Þetta er sama bókun og ég vísaði hér í áðan. Sú bókun var þegar tekin upp á fundi skipulagsráðs í síðustu viku og samþykkt af öllum sem þar sátu að fara að undirbúa þá vinnu. Sá undirbúningur er kominn á það stig að á morgun í skipulagsráði verður lögð fram tillaga um miðborgarteymi sem mun leiða þessa vinnu á vettvangi borgarinnar. Að því koma fulltrúar frá skipulagssviði, fulltrúar frá umhverfis- og samgöngusviði og fulltrúar frá menningar- og ferðamálasviði og örugglega fleiri. Það er teymi sem mun halda utan um verkefnið og með þeim til fulltingis verða fulltrúar í rýnihópi um Laugaveg, sem við öll þekkjum og aðallega sem komu að skipulaginu á sínum tíma, Bolli Kristjánsson í 17, Pétur Ármannsson, Eva María Jónsdóttir og síðan verður óskað eftir liðsinni og fulltrúum frá Húsafriðunarnefnd og Arkitektafélagi Íslands. Þetta er allt í samræmi við hvernig málið var afgreitt og í samræmi við þessa ákvörðun var afgreidd hjá skipulagsráði í síðustu viku. Þannig að það er þegar komið í þann farveg og ég á von á því að deiliskipulagsvinnan geti hafist eða að menn munu funda og eru þegar farnir að funda á skipulagssviði vegna þessa til þess að setja þetta í öruggan og hraðan farveg. Við gerum ráð fyrir því – það er þegar búið að setja upp áætlun um hvernig við höldum á verkinu og svona okkar vonir standa til að það verði hægt að leggja tillögur fyrir skipulagsráð á vordögum og þá sé hægt að fara í þessi verkefni. Vonandi sjáum við t.d. vegna þess að samhliða þessu verður auðvitað farið í hugmyndir á uppbyggingu á Laugavegi 4 og 6, þannig að menn geta séð eitthvað fara að gerast á þeim reit á sumardögum.

Ég held að öll þessi umræða, hæstvitur forseti, endurspegli það að þessi mál eru einhvern veginn alltaf dálítið heit. Það væri gaman að mæla hversu langan tíma við höfum tekið í umræðu um Laugaveg 4 og 6 og mæla t.d. hversu langan tíma við höfum tekið í umræðu um leikskólamála á vettvangi borgarstjórnar á nýliðnum mánuðum og árum. Nú er svo komið að ég tel að við höfum náð sátt um verkefnið. Ég tel að þetta verkefni verið okkur öllum til sóma. Óskar Bergsson benti á það hér áðan að það sæist út um gluggann, það gerir það reyndar ekki hæstvitur borgarfulltrúi, en samt huggulegt af þér að nefna það, það er hótelið í Aðalstrætinu, - menn tala ekki um það í dag og velta því ekki fyrir sér hversu mikill kostnaður var fólgin í því fyrir borgina, hvort það var 10 eða 20 milljónum of hátt eða of lágt. Sama er að segja um mörg verkefni sem borgin hefur farið í. Borgin gerir það nefnilega og kemur það mjög á óvart að heyra í þessum báðum

borgarfulltrúum sem t.d. hafa báðir setið í skipulagssjóði, þar sem menn hafa verið ítrekað í uppkaupum, þar sem þeir hafa keypt ákveðnar eignir til þess að leysa ákveðinn skipulagsvanda sem hefur verið á svæði. Það er gjörþekkt. Það þýðir ekki að þó menn kaupi eign í Breiðholtinu vegna skipulagsvanda, að Óskar Bergsson hafi rokið hér upp til handa og fóta og sagt: 'Nú er bara allt í ólagi í skipulagsmálum í Breiðholtinu, nú er búið að setja eitthvað rosalegt fordæmi sem þarf að fylgja eftir í öllu hverfinu.' Þetta hafa menn ekki gert þrátt fyrir að ítrekað hafi verið gengið fram með þessum hætti. Þannig að ég held að menn eigi að vera samkvæmir sjálfum sér í því. Ég tek undir það að þetta kostar peninga og ég held að verkefnið sé þess virði. Menn eiga þá bara að vera heiðarlegir og segja: 'Þetta er verkefni sem við teljum ekki þess virði að eyða peningum í' – og það er þá afstaða. En að reyna að láta þetta snúast um nákvæmlega hvaða tölu eða hvernig þetta er framborið er ekki málinu til framdráttar eða sóma, vegna þess, eins og ég sagði áðan, fyrrverandi meirihluti réði ekki við málið. Núverandi meirihluti er búiinn að klára málið og ég er viss um það að bæði ég, Óskar Bergsson og örugglega líka, fyrrverandi borgarstjóri Dagur B. Eggertsson, munum ganga niður þennan neðsta hluta Laugavegarins eftir nokkur ár og líta stolt á þetta verk.

Forseti: Hanna Birna Kristjánsdóttir hefur lokið máli sínu. Næst tekur til máls Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Svandís Svavarsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég neita því ekki að ég hef haft sérstaklega gaman af því að fylgja með forseta sem er núna að ganga frá sínu sæti hvernig hann hefur farið með hamarinn á meðan menn hafa hér verið að halda ræður og reynt að lesa í meiningar forsetans og gegnum hans pókersvip af því hvernig farið er með hamarinn. Það sýnir að menn geta dundað sér við eitt og annað hér í sölum borgarstjórnar.

Hér er yfirskrift málefni þessara litlu húsa við Laugaveg 4 og 6. Ég get nú ekki varist þeirri hugsun að hér séum við alls ekkert að tala um Laugaveg 4 og 6 heldur um það hvað borgarstjórastóllinn kostaði. Hver var verðmiðinn og hver var upphæðin? Þrátt fyrir orð borgarstjórnar hér og í fjölmiðlum að undanfögnu sem hafa þó ekki kannski borið í sér mikil tilþrif en þó hefur verið hægt að lesa milli línanna, þá til að mynda hefur því ekki verið haldið til haga sem er kannski rétt að nefna hér, að sú sem hér stendur átti ágæt samtöl og mikla samleið með þáverandi borgarfulltrúa Ólafi F. Magnússyni í málefnum gamalla húsa. Við áttum löng og stutt samtöl, vorum samstíga, sömu skoðunar. Við vorum þeirrar skoðunar að friðunarferlið ætti að klárast, það væri til lengri og skemmri tíma betra fyrir borgarsjóð og betra fyrir húsvernd. Þess vegna er þessi dagskrárliður hér ekkert um Laugaveg 4 og 6. Hér eru menn búnir að halda innblásnar ræður, magnaðar mjög, heilagar meldingar, hveljur hafa verið sopnar, stórar, farið yfir það hvað menn sögðu áður og hvað menn segja núna. Þeir sem töluðu um það fyrir stuttu síðan, fyrir nokkrum vikum, að skipulag væri klappað í stein, að því yrði ekki haggð, að maður yrði nú bara að standa við það skipulag sem fyrir lægi, eru núna innblásnir af öðru og eru með önnur tilþrif, halda ræður sem eru sagðar vera um Laugaveg 4 og 6 en eru alls ekkert um Laugaveg 4 og 6, heldur um það hvað borgarstjórastóllinn kostaði. Nokkrar góðar setningar endurtekna: ‘skipulagsvaldinu komið í hendur borgarinnar’, ‘höggvið á hnútinn’, ‘þau réðu ekki við málið, við gerum það’ – en þetta er alls ekkert um þetta. Þetta er bara um það hvað stóllinn kostaði.

Ég hef ítrekað hér kallað eftir heildstæðri sýn í málefnum húsverndar og fagna því ef þessi tilþrif sem ekki eru um Laugaveg 4 og 6, enda þar að það verði til framtíðar í þágu húsverndar, í þágu sögunnar og í þágu einhvers konar samhengis í borginni. Ef svo verður þá er það gott. Ef við sem vorum kát í framboði 2006 höfum þrek í það að standa í lappirnar fram yfir þessi boðaföll, eins og nokkur önnur sem á undan hafa gengið og sjáum hús standa sem ella hefðu verið rifin, hús sem skipta máli fyrir sálina í borginni, þá er það gott.

Enn eru svörin óljós um það hvernig samningamenn borgarinnar voru nestaðir að þessu samningaborði. Enn eru svörin óljós um það hvað það var beinlínis sem stóð á tékkanum sem réttlætti inngripið, flaustrið og hraðan. Af þessum sökum mun sú sem hér stendur, ásamt öðrum borgarfulltrúa vinstri grænna í þessum sal, sitja hjá við þessa afgreiðslu, þó með töluvert húsafriðunarlegri bókun sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

Enn eru svörin óljós um það með hvaða hætti samningamenn borgarinnar voru nestaðir að samningaborðinu andspænis eigenda lóðarinnar og leikur vafi á um að fjárhagslegir hagsmunir borgarbúa hafi verið að fullu tryggðir eða hagsmunir húsafriðunar til lengri framtíðar. Af þeim sökum sitja borgarfulltrúar Vinstri grænna hjá við afgreiðsluna. Hins vegar ber að fagna því að sjónarmið húsverndar virðast nú njóta aukins hljómgrunnns meðal sjálfstæðismanna. Sérstaklega er því fagnað með þessari bókun að Laugavegur 4 og 6 munu standa þótt meirihlutinn hafi kosið að láta ekki friðunarferlið ganga til enda eins og eðlilegt hefði verið. Við slík inngrip og flaustur sem hér blasir við er áréttað að ábyrgðin er mikil gagnvart sögu og samhengi borgarinnar og krefst yfirvegunar í hverju skrefi, góðrar stjórnsýslu og vandaðra vinnubragða.

Forseti: Borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur lokið máli sínu og gert grein fyrir bókun. Þá er næstur á mælendaskrá borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Gísli Marteinn Baldursson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Þetta er ágæt umræða að mínu viti og flestir sem hér hafa tekið til máls finnst mér hafa haft margt gott fram að færa og í rauninni ótrúlega lítill ágreiningur finnst mér vera um meginmarkmið í þessu máli. Það er nú kannski það sem skiptir mestu máli, að við höfum, þessi borgarstjórn, sem að þrátt fyrir að – ég treysti mig ekki til að reyna að sannfæra borgarbúa um það – er nokkuð samhent og samstíga í mörgum málum, þá held ég að hún sé að nálgast ákveðna sátt í málefnum Laugavegarins og friðunarmála, jafnvel meiri heldur en við höfum áður séð í þessum sölum. Og þá er nú til nokkurs unnið. Ljótt finnst mér þó að heyra brigsli um það að borgarstjórastóllinn hafi verið keyptur með þessum húsum og ég held að ræðumennirnir viti betur, sérstaklega þegar rýnt er í þá samsæriskenningu og t.d. orð borgarfulltrúa Óskars Bergssonar sett í forgrunn sem að segir að nokkrum dögum síðar hefðu ýtrustu óskir – svo ég vitni beint í hann, með leyfi forseta – ýtrustu óskir borgarstjóra náð fram að ganga. Hvernig má þá vera að þegar ýtrustu óskir hans voru við það að ná fram að ganga, að þá kaupi einhver borgarstjórastóllinn handa honum? Það sem hann hlýtur að vilja eru ýtrustu óskirnar. Ef að þær voru hvort eð er alveg að ná fram að ganga, með hverju var þá hægt að kaupa hann? Staðreyndin er sú að við sem komum að þessum málum vitum það vel að það var ekkert verið að kaupa einn eða neinn. Við vitum það vel að það var ekkert frekar Ólafur F. Magnússon en fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn sem að vildu kaupa þessi hús. Það var ekki eins og Ólafur F. Magnússon vildi ganga lengst í því að borga fyrir þau og sjálfstæðismennirnir hafi ákveðið að elta hann upp í eitthvað fáránlegt verð, eins og minnihlutanum finnst þetta vera. Það var ekki þannig. Það sem var um að ræða var að það var samhljómur í hópi sjálfstæðismanna og Ólafs F. Magnússonar um að þetta væri besta leiðin til þess að fara. Um að þetta væri hin rétta leið. Allir þeir sem hafa hlustað á málflutning borgarstjóra í málefnum húsafriðunar vita að hann hefur aldrei verið með þess háttar fanatík að ekki megi hreyfa við húsunum við Laugavegin. Hann hefur miklu frekar talað um verndun götummyndar og öfugt við það sem sumir borgarfulltrúar minnihlutans reyna að láta skína í þá er verndun

götumyndar ekki þannig að ekki megi hreyfa við nokkurri spýtu í húsunum. Verndun götumyndar snýst miklu frekar um stíl, yfirbragð, stemningu og það er það sem borgarstjóri hefur alltaf talað um og allir hafa vonandi tekið eftir sem hafa verið að ræða þessi mál hér, að það sé 19. aldar götumyndin sem við eigum að reyna að halda í fremur en að húsin eigi að vera í upprunalegri mynd.

Þannig að þetta finnst mér ekki vera sanngjarnt og það sem meira er að ég bý svo vel að vita að samsæriskenningin er röng. Auðvitað geta fulltrúar minnihlutans haldið áfram að halda henni á lofti en það er örvæntingarfull tilraun. Samsæriskenningin er einfaldlega röng. Þeir sem halda henni fram gera það af því þeir vita ekki betur, eru að reyna að teygja sig í eitthvað haldreipi.

Spurningin er sem við stóðum frammi fyrir í þessum meirihluta – hvað er eðlilegt verð til þess að borga fyrir þessi hús? Hvað er eðlilegt verð til þess að borga fyrir þessi hús, eins og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir spurði svo ágætlega um á heimasíðu sinni – hvernig verðleggur maður sólargeislana sem náðu ekki niður á gangstéttina, skv. skipulaginu sem Samfylking, vinstri grænir og framsókn samþykktu þarna? Ef að hótelið hefði staðið þarna þá hefðu sólargeislarnir ekki komist niður í götuna. Hvernig verðleggur maður þá sólargeisla? Hvernig verðleggur maður stemningu á Laugaveginum? Hvernig verðleggur maður troðfulla götu á löngum laugardegi? Ég er ekki með svarið við þessu og ég viðurkenni fúslega að verðið sem er verið að borga þarna er mjög hátt. Fórnarkostnaðurinn þegar við verðum búin að kaupa þetta, gera húsin upp og selja þau aftur, verður einhver. Við vitum ekki núna hver hann er, það fer eftir húsnæðisverði og öðru en hann verður nokkur. En það er þá ágætt að fá þá borgarfulltrúa hingað upp sem ekki voru til í að eyða neinu í þetta og líka hina sem vita hvað þeir voru til í að eyða miklu.

Hvað var borgarfulltrúi Dofri Hermannsson tilbúinn til að borga mikið? 0 krónur? Er það hugsjónin um húsafriðun? Til í að borga 0 kall? Eða var hann til í að borga 50 milljónir eða 100 eða 300? Ég held að menn eigi allir erfitt með að svara þessu. Hvernig eigum við að svara þessu? Hvað erum við tilbúin til að borga mikið? Nú er hægt að koma og segja – við þurfum ekki að svara vegna þess að það var verið að fara að friða húsin. En við vitum öll að það var ekki endapunkturinn í málinu. Það hefðu verið málaferli og það hefðu verið alls konar hlutir og það er ágreiningur uppi hvort að borgin hefði þurft að borga eða ríkið. Einhverjum finnst

langsótt að segja að borgin hafi þurft að borga. Það má vel vera. En þetta er ekki síðasta dæmið sem við stöndum frammi fyrir, eins og margoft hefur verið bent á hér. Við munum þurfa að taka svona sársaukafullar ákvarðanir aftur. Þá er spurningin hvað erum við til í að borga mikið.

Ég ræddi það opinskátt í skipulagsráði á sínum tíma og við öll sem þar sátum, hvort við ættum að minnka byggingarmagnið á þessum reit, reyna að lækka þetta hótél þannig að sólin kæmist niður, þannig að byggingin liti út dálítið í þeim stíl sem Laugavegurinn á að líta út, að mínu viti. Okkur var sagt að það myndi kosta 2-300 milljónir í skaðabætur. Er það ásættanlegt verð? Ég hef ekki heyrt í neinum fulltrúa minnihlutans nefna það hvað þeir væru tilbúnir til að borga fyrir þetta. Ég álasá þeim ekki fyrir það. Ég er ekkert viss um að ég hefði rokið hér upp til þess að segja nákvæmlega hvaða krónutölu ég hefði verið tilbúinn til að borga. Það sem að meira er að ég vissi af samningaviðræðunum þegar þær voru í gangi og ég var spurður – hvað finnst þér eðlilegt? Ég átti bara í mestu erfiðleikum með að svara því. Það er augljóst að við erum ekki tilbúin til að borga hvað sem er. En það er líka augljóst, alla vega okkur sem nú sitjum í meirihluta að við erum tilbúin til þess að borga þó nokkuð til þess að viðhalda þessari götummynd, til þess að viðhalda þessari stemningu, til þess að halda þessum stíl sem þarna er, til þess að eiga áfram söguna sem er skrifuð í húsin, jafnvel þó svo þau hafi breyst í gegnum tíðina, jafnvel þó svo að þessi hús hefðu einhvern tímann verið hækkuð upp eða risið tekið upp eða settur á það kvistur eða hvaðeina. Það er ekki stóra atriðið að þau séu nákvæmlega eins og þau voru þegar þau risu fyrst. Ekki þessi hús, það kann að gilda um önnur hús.

Nú heyrir mér fulltrúar minnihlutans vera að rjúka upp með verðmiðana, það er gott að heyra, fá að vita hvað þeir hefðu verið tilbúnir að borga fyrir þessi hús.

Valkostirnir sem að Samfylkingin, vinstri grænir og framsókn buðu okkur upp á, borgarþúum, voru tveir. Það var annars vegar að byggja hótelið skv. deiliskipulaginu sem borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson sagði ítrekað að væri geysilega gott deiliskipulag og margir fleiri raunar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Árni Þór Sigurðsson, Stefán Jón Hafstein sem sagði: ‘rífum kofana strax’. Það var annars vegar það, hótelið eða algjör friðun, lögfriðun á húsunum, með fullkominni óvissu um það hvort eða hversu mikið við hefðum geta gert við húsin, hversu mikið við hefðum geta lagað þau að nútímalegum verslunarháttum, með

fullkominni óvissu og valdið hefði a.m.k. ekki verið hjá okkur, um það hversu mikið við hefðum geta gert við þessi hús til þess að auðvelda kaupmönnum við Laugavegin að reka þarna verslanir, m.a.s. hlutur eins og aðgengi fatlaðra gæti verið í uppnámi þegar húsin eru friðuð lögfriðun. Jafnvel þó svo að við gætum haft áhrif á það er alveg ljóst að valdið væri ekki okkar, það gilda lög í landinu um friðuð hús. Þess vegna segi ég það til þess að svara spurningu borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar sem spurði áðan hvort að við værum þeirrar skoðunar og svarið er já, ég er þeirrar skoðunar að það sé miklu betra að borgin verndi þessi hús á sínum forsendum fremur en að ríkið þurfi að grípa inn í og vernda húsin með lögfriðun. Það er betri leið fyrir borgina að fara. Með því er ég ekki að segja að það verði tekin ákvörðun um að hækka húsið upp um eina hæð eða byggja upp í þeim anda sem Pétur Ármannsson hefur sýnt eða Torfusamtökin. Sú vinna fer af stað núna. Við fáum færustu sérfræðinga til að vinna það með okkur og vonum að náist sátt um það. En sú sátt byggir á því að það geti farið saman hönd í hönd verndun þessara húsa en um leið einhver eðlileg uppbygging á Laugaveginum þannig að nútímalegir verslunarhættir geti gengið þarna. Það er sá meðalvegur sem við þurfum að reyna að fara. Við þurfum að geta rekið þarna verslanir en við viljum líka halda í stemninguna og stílinn, yfirbragðið. Það er nákvæmlega það sem er verið að gera með þessum kaupum, virðulegi forseti. Það er verið að reyna að fara þennan meðalveg og það er dýru verði keypt.

En ég veit að borgarfulltrúar vinstri grænna telja að það sé eðlilegt að eyða í þetta nokkrum peningum vegna þess að borgarfulltrúar vinstri grænna lögðu einmitt til að borgin gerði þetta, jafnvel þótt að þá væri nokkuð ljóst að menntamálaráðherra myndi ekki friða þetta, enda hefur bæði menntamálaráðherra og Húsafríðunarnefnd lýst því mjög skýrt yfir að eina ástæðan fyrir því að beðið var um friðun var vegna þess að valkosturinn var þetta hótél. Það er eina ástæðan fyrir því að beðið var um friðun. Þannig að ef að við hefðum verið að byggja þetta upp eins og fólk, byggja þetta upp í þeim stíl og þeirri stemningu sem að þarna á að ríkja, þá hefði ekki komið til þess. Þá hefði Húsafríðunarnefnd ekki látið sig málið varða og það hefur verið staðfest.

Þannig að ég held að þessir tveir kostir sem Framsóknarflokkurinn, vinstri grænir og Samfylkingin bauð okkur upp á, annars vegar alger friðun og hins vegar hótelið, stórhýsið, þeir hafi báðir verið verri heldur en sá kostur sem núna hefur verið keyptur dýru verði.

Þá komum við að spurningunni – hvað er eðlilegur peningur til að borga fyrir svona? Eða finnst mönnum, ef ég má spyrja borgarstjórn að því rökræðunnar vegna, ef verðið hefði verið 0 krónur, hvort hefðu menn viljað frekar algera friðun eða að við myndum eignast húsin eins og við höfum gert núna, ef verðið hefði verið 0 krónur? Það væri gaman að fá svar við því frá t.d. Óskari Bergssyni sem hefur beðið um orðið og Sóleyju Tómasdóttur borgarfulltrúa sem hefur beðið um orðið og Degi B. Eggertssyni borgarfulltrúa sem kemur hér eftir skamma stund. Ef verðið hefði verið 0 krónur, hvort hefðu þau frekar viljað að ríkið hefði friðað húsin eða að við ættum þau eins og núna er, getum gert þau upp í þeirri mynd sem við viljum og ráðið ferðinni. Vegna þess að það er engin ástæða til annars en að taka undir það að þetta er hátt verð.

Virðulegi forseti. Mér finnst ástæða til þess að ítreka það sem ég hóf ræðu mína á að segja, að það hefur ákaflega margt áunnist í þessum efnunum á síðustu mánuðum og árum. Mér finnst kannski núverandi minnihluti hafa verið heldur spar á hrósið til núverandi borgarstjóra sem að öðrum ólöstuðum hér í borgarstjórn hefur farið fremstur í flokki í þeim málum og gert það af ákveðinni hófsemd, þótt ekki hafi vantað tíðar komur hingað í ræðustólinn. Þá hefur þar ekki verið beðið um algjöra friðun á öllum Laugaveginum heldur hefur verið lögð á það áhersla að við myndum reyna að ná þarna einhverju einstigi milli friðunar annars vegar eða verndunar og hins vegar milli uppbyggingar á Laugaveginum þannig að verslun geti þar þrífist vel. Vegna þess að jafnvel þó svo að við höfum verið að upplifa mikið góðæri, þá erum við heldur ekki búin að gleyma miðunum í gluggum Laugavegarins, til sölu, til leigu, rýmingarsala, erum að loka búðinni. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt að reka verslun við Laugavegin og það var viðbragðið við því sem gerði það að verkum að við leyfðum þá miklu uppbyggingu sem núverandi deiliskipulag leyfir og það er sjálfsagt að hafa skilning á því. En við erum ótrúlega samstíga í því hvaða markmið við höfum í þessu og það er meira en sjálfsagt að deila hér um leiðir.

En ég ítreka, virðulegi forseti, þessar spurningar – hvað er minnihlutinn tilbúinn til að borga fyrir svona lagað? Og það er ágætt að hafa það til hliðsjónar þegar við förum að skoða þessi hús sem að núna er niðurrifsheimild á, eða svo gott sem, og förum að velta því fyrir okkur hvernig við viljum haga uppbyggingarmálum á Laugaveginum, vegna þess að það er margt framundan þar, það eru áform uppi um

risastórar verslunarmiðstöðvar sem munu hafa mikil áhrif í kringum sig og það eru áform uppi um uppbyggingar á einstökum reitum sem að við hljótum að skoða, ekki í ljósi þess að nú hafi Laugavegur 4 og 6 verið keyptur þessu háa verði, heldur vegna þess að það eru breytt sjónarmið uppi hér í borgarstjórn og annars staðar.

Ég hef þetta ekki lengra, virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu sem ég held að hafi verið nokkuð gagnleg og vona að hún skili okkur enn frekar að því marki að við getum verið samstíga í þessum málum, vegna þess að þau þurfa ekki að vera pólitísk í eðli sínu. Það er ekki hægramál eða vinstri-mál að friða hús. Ég ætla að endingu að minna á það sem margir gera sér ekki grein fyrir en víða í Evrópu er það talið vera í eðli hægriflokkanna í borgarstjórnnum að standa vörð um gömlu húsin, það er talið til marks um íhaldssemina, borgaralega hugsun að vilja varðveita þann arf á meðan róttæku sósíalístarinnir á sínum tíma vildu byggja undir verkamennina, vildu byggja effektívar og ódýrar íbúðir í stórum blokkum og ruddu þá oft úr vegi hinum eldri byggðum og fannst óþarfa íhaldsemi að vera að passa upp á þær. Við höfum ekki átt sömu sögu hér en þetta sýnir okkur þó að það er ekki einkamál einhvers flokks eða einhvers arms að vilja vernda sögu borgar sem skrifuð er í hús, heldur á það að vera sameiginlegt markmið allra sem þykja vænt um borgina sína.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið máli sínu. Óskar borgarfulltrúinn eftir að veita andsvar? Þá hefur Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi óskað eftir að veita andsvar.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Sóley Tómasdóttir veitir andsvar: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson spurði hvernig maður verðleggur hús, sólargeisla, menningararf og stemningu. Ég spyr á móti – hver er þess umkominn? Ekki ég. Ég leyfi mér að efast um að þeir sem á endanum verðlögðu það sem nú hefur verið keypt, hafi haft til þess forsendur. Asinn og flaustursgangurinn í þessum kaupum var þess eðlis að ég tel að hann hafi eingöngu komið seljendum til góða. Ég tel miðað við þær upplýsingar sem ég hef í þessu máli að tilkostnaðurinn hefði orðið minni, hefði friðunin fengið að eiga sér stað og hver er þess umkominn að rengja mig í því? Það er ekkert einfalt að spá fyrir um framtíðina, hvað þá þegar bætt er við efum á ýmsum stigum forsögunnar en mín sannfæring er sú að hér hafi ekki verið farið rétt að, þrátt fyrir einbeittan vilja minn til að vernda menningararfinn. Hver hefur rétt fyrir sér í því mun aldrei koma í ljós.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Gísli Marteinn Baldursson svarar andsvari: Forseti, virðulegu borgarfulltrúar. Þetta voru fínar, heimspekilegar vangaveltur hjá borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur og ég tek undir þær, það er auðvitað erfitt að verðleggja þetta, sem var nákvæmlega það sem ég var að benda á. En ég bendi góðfúslega borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur á það líka að hún ásamt félögum sínum í vinstri grænum og Frjálslynda flokknum fluttu einmitt tillögu um það að við myndum kaupa húsin. Einhver hefði þá væntanlega þurft að ákveða verðið og ég veit ekki hvort menn höfðu þá rætt það í sínum hópi hver verðmiðinn yrði en væntanlega hefði það komið í hlut þessara ágætu stjórnámálanna eða einhverra embættismanna, einhver hefði að lokum þurft að segja: 'já við kaupum húsið á þessu verði' eða 'þetta er of dýrt'. Ég er bara að benda á að það er erfitt að taka þá ákvörðun. Hver er þess umkominn, spyr borgarfulltrúinn. Ég held einfaldlega að það sé þannig að við sem erum hér í borgarstjórn, borgarfulltrúarnir sem kosnir eru af Reykvíkingum til þess að taka erfiðar ákvarðanir, að við þurfum einfaldlega að gera það. Ef að við t.d. hefðum ákveðið í skipulagsráði, sem kom alveg til greina, þó svo að það hafi ekki orðið ofan á að lokum, að minnka byggingarmagnið sem þessir menn máttu setja þarna á Laugavegin, þá hefðum við þurft að taka þá ákvörðun í ljósi þess að við hefðum þurft að borga þeim skaðabætur. Við hefðum þurft að taka þá sársaukafullu ákvörðun en það hefði verið okkar ákvörðun að lokum. Þannig að ég tek undir borgarfulltrúanum um það, þetta er ekki einfalt, það er erfitt að koma hér upp og segja: 'ja ég hefði verið til í að eyða í þetta 200 milljónum en ekki 300.' Það er ekki auðvelt og ég er ekki að segja þetta í einhverri hæðni eða yfirlæti, ég er raunverulega að meina það að ég á erfitt með að nefna töluna sjálfur. En að lokum þarf að taka ákvörðun og við tókum þessa ákvörðun að kaupa þessi hús, þessu dýra verði, til þess að vernda þarna alla þá góðu hluti sem borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir taldi svo ágætlega upp á vefsíðu sinni Sóley bjargar heiminum.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur svarað andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Sóley Tómasdóttir veitir andsvar öðru sinni: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er ekki ókeypis að bjarga heiminum en ég tel samt sem áður að hefði tillaga okkar verið samþykkt, þá hefði verið gengið til verks á mun yfirvegaðri og faglegrí nótum heldur en þessi kaup áttu sér stað, þau tóku ótrúlega skamman tíma og voru undir þrýstingi þess að menntamálaráðherra myndi friða húsin á næstu dögum. Þannig að það eru kannski aðeins aðrar aðstæður sem voru í gangi þegar við lögðum fram okkar tillögu heldur en þegar nýr meirihluti keypti húsin á örskömmum tíma.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari öðru sinni borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Gísli Marteinn Baldursson svarar andsvari öðru sinni: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þetta held ég að sé alveg rétt hjá borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur. Ef við hefðum ekki – svo við förum alveg aftast í þessa tímaröð eða að byrjun hennar – deiliskipulagt þetta stóra hótél þá hefði ekki þurft að borga mjög mikið fyrir þetta. Ef við hefðum ekki gefið þeim byggingarleyfið og leyfi til þess að reka þetta hótél þá hefðum við ekki þurft að borgar svona mikið. Allt eru þetta ákvarðanir sem voru teknar. Við hefðum á ýmsum stigum málsins geta stoppað þetta og ég held að við séum öll sammála um að við hefðum betur gert það. Ég held það sé enginn sem ætlar að koma hingað upp og mótmæla því að það hefði verið betra ef við hefðum gripið inn í fyrr. Það verður að segjast frjálslýndum eða F-listanum og vinstri grænum til hróss að þeir voru þeir einu sem lögðu beinlínis fram tillögu um það hér, þó svo þetta hafi verið rætt í skipulagsráði á sínum tíma og allir flokkar held ég, bæði sjálfstæðismenn og framsóknarmenn sem þá fóru með meirihluta í ráðinu og Samfylkingin og fleiri lýstu því þar yfir að þetta væri ansi mikið og það væri gott að geta minnkað byggingarmagnið, þá var það samt sem áður þannig að við lögðum ekki fram um það tillögu, sitjum uppi með það að hafa gert þetta deiliskipulag, fylgt því eftir, samþykkt þetta og felld tillögu vinstri grænna og F-listans. En á einhverjum tímapunkti komum við að þessu máli hér nýr meirihluti og öfugt sem haldið hefur verið fram að með því hafi menn verið að kaupa borgarstjórástól sem er svo fjarri sanni og léleg samsæriskenning, þá þurftum við að taka ákvörðun og við tókum þessa ákvörðun og við erum stolt af henni en viðurkennum fúslega að þetta er dýru verði keypt. En ég trúi því að þetta sé ekki of dýru verði keypt og við séum að kaupa hluti sem mjög erfitt er að meta til fjár, eins og stemningu á mikilvægustu götu þjóðarinnar.

Forseti: Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið við að svara andsvari öðru sinni. Þá er andsvörum lokið og til máls tekur Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Július Vífill Ingvarsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þetta er ágætis umræða sem hefur farið nokkuð víða og ýmislegt borið á góma en þó helst það hversu mikið var greitt fyrir húsin á Laugavegi 4 og 6 og hvort það hafi verið of mikið og hvort það hafi verið sanngjarnt. Vitnað hefur verið til þeirrar skýrslu sem lögð hefur verið fram frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og unnin hefur verið fyrir Minjavernd og er dagsett í janúar á þessu ári. Þar hafa menn verið að vitna til þeirra talna sem þar er að finna. Af því að ég er nú með þessa skýrslu hér í höndunum þá vil ég aðeins benda þeim sem hafa verið að vitna til skýrslunnar á inngang þessarar ágætu skýrslu. Ég ætla að leyfa mér að lesa úr þessum inngangi, með leyfi forseta, hann er svona: „Umræddir valkostir eru enn ekki fullmótaðir. Verkefninu þarf þó að sinna á skömmum tíma og gefst því ekki ráðrúm til að skilgreina valkostina, eins ítarlega og æskilegt væri. Kostnaður sem metinn er er háður mörgum þáttum, þar á meðal aðstæðum, staðavali, séu húsin flutt á annan stað, markaðsaðstæðum við kaup og sölu, samningsstöðu kaupanda við lóðarhafa og mörgu fleira.“ Síðan segir: „Af ofangreindum ástæðum ber að líta á niðurstöðu þessarar greinargerðar sem líklegan kostnað við þá valkosti sem áætlaðir með allnokkurri óvissu, bæði til hækkunar og lækkunar.“ Þetta er mikilvægt að menn hafi í huga vegna þess að í sjálfu sér sér það hver maður sem skoðar þau hús sem hér eru til umræðu að það eru mjög erfitt að átta sig á því eða setja einhvern fastan verðmiða með tilliti til annars, með viðmið sem menn hafa eins og gjarnan eru í fasteignaviðskiptum. Slík viðmið eru bara ekki fyrir hendi. Það er ekkert sem er raunverulega leiðarvísir í þessu máli, annað en það að hlutur er seldur fyrir það sem kaupandi vill kaupa á og á því verði sem seljandi er sáttur við selja á. Hvernig á að meta svona hluti? Hvernig hefðu menn metið t.d. Bernhöftstorfuna? Hvernig eiga menn að meta Aðalstræti 10? Var einhver skynsemi í því í sjálfu sér að vernda Bernhöftstorfuna á sínum tíma, sem mjög stór hluti borgarbúa vildi rífa, eins og allir þekkja? Auðvitað er engin skynsemi í því að vernda gömul hús þegar menn geta byggt hátt og stórt og mikið og fengið fullt af fermetrum út úr því. Það er engin peningaleg skynsemi í því. Það er auðvitað engin peningaleg skynsemi í því að vernda þessi hús á Laugavegi 4 og 6, það vita allir, það eru engin ný tíðindi.

Það er allt annað sem verið er að keppa að. Við erum að horfa til yfirbragðs borgar, við erum að horfa til framtíðar og við getum verið þess fullviss þegar við gerum það að komandi kynslóðir munu þakka okkur fyrir okkar verk, þau verk sem við erum að vinna hér í dag og höfum verið að vinna á undanförunum dögum í þágu húsverndar, í þágu Reykvíkinga. Með sama hætti og við þökkum þeim sem brugðust við og máluðu Bernhöftstorfuna á sínum tíma, sem að vernduðu Aðalstræti 10 og aðrar merkilegar byggingar hér í borg, sem að við teljum vera og eru einkenni þessarar borgar og valda því að okkur líður vel í Miðborginni og jafnframt líka valda því að margir erlendir ferðamenn telja Reykjavík áhugaverða borg, vinalega borg og koma hér sem betur fer margir oftar en einu sinni.

Hér hafa ýmis orð fallið eins og t.d. það að Óskar Bergsson borgarfulltrúi hefur hér sagt að við höfum skapað eigendum Laugavegar 4 og 6 samningstækifæri lífsins. Horfum aðeins á það. Í hvaða samningsstöðu voru þeir menn sem áttu þessar eignir? Afskaplega slæmri. Þeir bara sáu það að ef að Reykjavíkurborg hefði ekki keypt þessar eignir á því verði sem við erum öll sammála um að er hátt verð, þá hefðu þessi hús einfaldlega verið friðuð af Húsafriðunarnefnd, það bara lá fyrir. Hver hefði þeirra staða verið þá? Hún hefði náttúrulega verið sú að þeirra mál hefði farið í mat sem hefði orðið að lúta reglum matsnefndar eignarnámsbóta, þar hefði farið fram málflutningur, væntanlega skriflegur og munnlegur og það mál hefði síðan farið áfram inn í dómstóla, fyrir Héraðsdóm, til Hæstaréttar væntanlega og ég get alveg fullyrt það hér að niðurstaða þess máls fyrir þessa menn, hefðu húsin verið friðuð, hefði ekki legið fyrir og myndi ekki liggja fyrir fyrr en eftir hugsanlega 3 ár. Alls ekki eftir 2 ár, 3 ár að minnsta kosti. Þannig að menn geta rétt ímyndað sér það hversu árennilegt það var fyrir þá sem þessi hús áttu, að segja nei eða í hvaða samningsstöðu þeir voru. Þeir voru eiginlega í þeirri samningsstöðu að það var varla við hæfi að við værum að nýta okkur hana, það verður bara að segjast eins og er. Á þetta verða menn að líta og líka svo á hitt – að á þessum sama tíma, hugsanlega 3-4 ár, hefðu þessi hús staðið eins og þau standa núna með girðingu fyrir framan, gat á Laugaveginum, óhreyfð, auðvitað engin ástæða fyrir eigendur sem áttu þessi hús og hefðu átt þau áfram hefðu þau verið friðuð, að gera neitt í málinu. Af hverju ættu þeir að gera það? Það ríkti þá alger óvissa um það með hvaða hætti húsin væri hægt að byggja upp, hversu bæturnar væru miklar og hvernig þeir gætu metið sitt tjón eða hvernig þeir gætu einhvern

vegin komist út úr þessu máli. Það er sem sagt niðurstaðan og það er niðurstaða sem er algjörlega óásættanleg. Miklu frekar – og ég er viss um það þegar borgarfulltrúar skoða sinn hug þá hljóta þeir að vera sammála því – miklu frekar er ásættanlegt fyrir okkur Reykvíkinga að sjá þessa uppbyggingu verða hraða, helst klárast á næsta ári og ég er þess fullviss að þegar við stöndum fyrir framan þessi hús þá munum við öll þakka fyrir, hrósa happi fyrir að hafa farið þessa vegferð. Það ríkti enginn asi og enginn flautursgangur, eins og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir sagði hér, einfaldlega vegna þeirrar samningsstöðu sem við vorum í, sem var góð samningsstaða. Það verður að segjast eins og er að það hefði verið herfilega með þessa eigendur farið hefðum við látið húsfriðun ganga yfir þessi hús. Það er mín skoðun vegna þess að þeir hefðu ekkert geta hreyft við þeim.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi sagði hér að þessi hús væru tákni um nýjan meirihluta og fór ýmsum orðum, að mér fannst allóvarlega, um það með hvaða hætti nýr meirihluti var myndaður. Þessi hús eru miklu frekar tákni um þá óeiningu sem ríkti meðal þess meirihluta sem hér var fyrir örfáum vikum. Hér ríkti algjör óeining varðandi húsfriðunarmál og við sjáum það t.d. á þeim umræðum sem hægt er að lesa sem fram fóru í borgarstjórn 4. september sl., þar sem borgarfulltrúi F-lista og borgarfulltrúi vinstri grænna fluttu svohljóðandi tillögu:

Borgarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra að leita leiða til þess að borgin festi kaup á húsunum við Laugaveg 4-6 í því skyni að varðveita þau í því sem næst upprunalegri mynd.

Þetta er tillaga sem flutt var hér af borgarfulltrúa Svandísi Svavarsdóttur og hvað gerðist í framhaldinu? Það sem gerðist í framhaldinu var einfaldlega það að mánuði síðar var þessi ágæti borgarfulltrúi orðinn formaður skipulagsráðs. Hafði sem sagt öll þau völd sem borgarfulltrúinn þurfti á að halda til þess að fylgja þessu máli eftir og með í þeim meirihluta var jafnframt borgarfulltrúi F-lista sem var samflytjandi borgarfulltrúa vinstri grænna í þessari tillögu. Þannig að þá voru góð ráð dýr og menn gátu einhent sér í það að koma þessu máli áfram. En hvað gerðist? Ekki neitt. Akkúrat ekkert. Borgarstjórinn Dagur B. Eggertsson tók ekki upp þetta mál, vann það ekki áfram, það hafa eigendur þessara húsa upplýst um að borgarstjóri hafði ekki samband eða nokkur annar fyrir hans hönd við eigendurna í þeim tilgangi að kaupa húsin. Það var ekkert gert vegna þess að borgarfulltrúinn

Dagur B. Eggertsson upplýsti það að hann hafði engan áhuga á að vernda þessi hús. Það hafði jafnframt borgarfulltrúinn Björn Ingi Hrafnsson ekki heldur, hann lýsir því 4. september í borgarstjórn að hann vilji fylgja áfram þessu skipulagi sem að þar hafði verið samþykkt. Þannig að það er augljóst af þessu að flaustursgangur var ekki af hálfu núverandi meirihluta við kaup þessara húsa, flaustursgangur var miklu frekar í fyrrverandi meirihluta sem við sjáum m.a. á því að borgarstjóri lýsti því yfir að hann vildi flytja viðkomandi hús inn í Hljómskálagarð og setja þau þar upp. Það er ekkert ný hugmynd, það er hugmynd sem mér líst ágætlega á, mér finnst að við ættum að skoða það og sjá hvort við getum ekki gert það. Hins vegar má ljóst vera af viðbrögðum borgarfulltrúa Svandísar Svavarsdóttur og Margrétar Sverrisdóttur að um það var engin eining. Það var akkúrat enginn áhugi á slíku. Sömu leiðis kom fram á sama tíma að borgarfulltrúi Björn Ingi Hrafnsson hafði engan áhuga á slíkri lausn á þessu máli. Þannig að af þessu má ljóst vera að auðvitað er þetta stórt mál og ber að skoða í víðara samhengi heldur en bara húsfriðunar, eins og við sjáum hér og nefnt hefur verið.

Ég held hins vegar og endurtek það, hugsanlega að einu og hálfu ári liðnu munum við standa upp á Laugavegi, við munum horfa á þessi hús þar sem þau hafa verið byggð upp með þeim stækkunarmöguleikum sem til staðar eru og skoðaðir hafa verið og við munum öll hrósa happi og kynslóðir framtíðarinnar munu þakka okkur fyrir þessi verk.

Forseti: Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Fyrst verð ég að segja að þetta var hin skemmtilegasta ræða hjá borgarfulltrúa Júlíusi Vífli Ingvarssyni vegna þess að það var ekki bara það að hann staðfesti allt það sem við í stjórnarandstöðunni höfum sagt um yfirvofandi húsfriðunarferli en hann sneri samningsstöðu málanna algjörlega á haus vegna þess að hann gleymdi að rifja það upp fyrir sjálfum sér að áður en að hinir slyngu stjórnámálamenn borgarinnar settust niður með eigendunum, þá ákváðu þeir í borgarráði að senda bréf um það, þar sem þeir mæltust gegn friðun húsanna, að hennar væri ekki þörf því þeir væru alveg að fara að kaupa þetta. Þess vegna gjörbreyttu þeir þessari samningsstöðu borgarinnar sem leiddi af væntanlegri friðun húsanna, kollvörpuðu henni eigendunum í vil. Þess vegna var þetta kjörstaða fyrir eigendur til þess að selja á eins háu verði og þeir vildu.

Hann fór síðan rangt með allt sem fram fór á vettvangi fyrri meirihluta en ég fyrirgef honum það, það er bara í samræmi við annað í málflutningnum, því að þar hafði verið farið yfir þetta mál í góðum trúnaði á grundvelli vinnu skýrslu VST og rætt við eigendur sem sögðu að þeir myndu ekki láta húsin nema fyrir milli 550 og 600 milljónir sem allir voru sammála um að væri algjörlega út úr kortinu og væri bara tilkomið vegna þeirrar kjörstöðu sem þeir voru í. Skýrsla VST sýndi að þetta var tvöfalt markaðsvirði.

Það er alveg rétt að halda til haga fyrirvörunum í skýrslunni, eins og Júlíus Vífill Ingvarsson gerði en hann gleymdi að geta þess að vegna þessara fyrirvara þá setti einmitt VST 25% svokallað neyðarálag ofan á kaupverðið sem alls var þá reiknað 299 milljónir í skýrslunni. Mér sýnist að það verði sem núna hefur verið keypt á sé u.þ.b. tvöfalt fermetraverð á við dýrasta hús landsins, Fríkirkjuveg 11, sem þó var langhæsta sala á nokkru húsi. Þ.e.a.s. verið er að kaupa 500 fm u.þ.b., með að vísu meira byggingarmagni þannig að það er ekki alveg sambærilegt, á 580 milljónir í staðinn fyrir 1000 fm á svipað verð, 600 milljónir.

En ég vil þakka Júlíusi Vífli fyrir það að segja að það sé engin peningaleg skynsemi í þessu vegna þess að þar var hann óbeint að svara félögum sínum sem sögðust ekki hafa skilið fjárhagslegu rökin. En það er kannski tímanna tákn að

Sjálfstæðisflokkurinn lýsi því yfir hér bara hver um annan þveran að þegar kemur að fjárhagsmálefnum þá hætta flokkurinn að skilja. En þó fannst mér mest um vert og kannski umhugsunarverðast í ljósi ræðu borgarstjóra, að þó að Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi og Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi í orði kveðnu segðust vera að beina orðum sínum til minnihlutans að þá stóðu öll spjót þeirra í átt til núverandi borgarstjóra. Því hvað voru þau að segja? Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi lagði ekki áherslu á neitt eins mikið og það að þetta væru einstök hús og þetta væri einstakt mál, þetta hefði ekkert fordæmi varðandi önnur hús á Laugaveginum, hvort heldur þau 10 sem nú á að friða eða önnur. Borgarstjóri skal bara hafa sig hægan. Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi lagði líka sérstaka lykkju á leið sína til þess að mótmæla því kröftuglega sem borgarstjóri sagði um að það væri ófremdarástand við Laugavegin. Ég hef raunar aldrei heyrt borgarfulltrúann verja deiliskipulag Reykjavíkurlistans við Laugaveg jafnfimlega og í borgarstjórn í dag. Engin óvissa, ekkert ófremdarástand. Það var meira að segja þannig að borgarfulltrúinn gerði sér sérstakt far um að draga það fram að Ólafur F. Magnússon hefði ekki látið vita af skýrslu VST. Því hvernig má öðruvísi skilja spurninguna sem beint var til mín um það hvers vegna í ósköpunum ég hefði ekki gert öðrum borgarfulltrúum grein fyrir þessari skýrslu fyrir borgarráðsfundinn sem haldinn var hér í kjölfar sögulegs borgarstjórnarfundar. En borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir veit auðvitað að það var ekkert búið að tilkynna það að á dagskrá yrði tillaga um kaup á þessum húsum, enda kom það alveg eins og þruma úr heiðskíru lofti fyrir mig. Þess vegna hlýtur spurningunni – ‘hvers vegna var borgarstjóri ekki búinn að kynna skýrslu VST fyrir öðrum í borgarstjórn’ – að vera beint að nýjum borgarstjóra, Ólafi F. Magnússyni, þó að þetta hafi verið sett svona fram.

En borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir gerði annað í leiðinni, hún gerði nefnilega það að undirstrika að sýndarræðan sem félagi hennar Gísli Marteinn Baldursson hélt hér um heimspekilegar vangaveltur um hvað væri nú hugsanlega hægt að réttlæta að gefa fyrir þessi hús, var hreint ekki umræða sem nokkur einasti maður hafði verið í í nýjum meirihluta. Verðmatið hafði borið svo lítið á góma, þó það hefði verið undirbúin tillaga um að kaupa húsin, að Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi og verðandi borgarstjóri, hafði ekki einu sinni nefnt að það var fyrirbyggjandi 20 síðna verðmat frá virtustu verkfræðistofunni á þessu sviði, eins og Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi er greinilega ennþá gröm yfir en notar

Albaníu-aðferðina við að skamma hinn nýja féлага sinn með því að beina spjótunum að mér í þessum efnum. En ég gat auðvitað ekki vitað að þessi tillaga væri að fara á dagskrá.

Þetta er satt best að segja farið að minna nokkuð mikið á umfjöllunina og yfirlýsingarnar um þann kafla í stjórnarsáttmálanum sem fjallar um Vatnsmýrina og flugvöllinn, þar sem borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leita uppi hvert einasta færi til þess að gera lítið úr því sem segir í málefнасamningnum. Þess vegna leggur Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi svo ríka áherslu á það, rétt eins og nýr borgarstjóri sé ekki í salnum og hann sé einhvers konar guðspjallamaður að túlka ritninguna og orð borgarstjóra, þegar hann segir: 'Algjör friðun hefði auðvitað verið mjög vond vegna þess að engum dettur í hug að byggja húsin í upprunalegri mynd, það hefur enginn verið að tala um upprunalegt útlit og Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi hefur sýnt það frjálsslyndi að vera ekki kreddumaður sem segi að það megi ekki hreyfa við neinu húsi.' Þannig virðist borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson leggja sig fram um það að túlka sjónarmið og málefнасamning sem talar reyndar um götummynd 19. aldar en ekki bara eitthvað útlit og einhverja götummynd, einhvern veginn allt öðruvísi en Ólafur F. Magnússon borgarstjóri hefur sjálfur gert. Því það vantar ekki að Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi ítreki það að þessi ákvörðun sé sársaukafull og dýru verði keypt og tekur þannig í sama streng og borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir um það að þetta séu einstök hús og ekkert fordæmi fyrir neitt annað sem gerast eigi við Laugavegin, Sirkus eða í öðrum tillögum Húsafriðunarnefndar. Þannig að þegar garranum hefur verið flett utan af þessum ræðum þá fjalla þær fyrst og fremst um eitt, að það var hluti af málefнасamningnum að kaupa þessi tvö hús, sama hvað þau myndu kosta og sama þótt það blasti við, eins og það blasti við fyrri meirihluta, að miklu skynsamlegra út frá fjárhagslegum forsendum hefði verið að láta friða þau fyrst. En núna vilja sjálfstæðismenn í borgarstjórn undirstrika það og girða fyrir að nýr borgarstjóri verði að ganga píslargöngin þegar kemur að öðrum hugðarefnum hans í húsfríðun við Klapparstíg, Laugaveg og í Kvos. Vegna þess að einstök hús, þetta hefur ekkert fordæmisgildi og öllu hinu er vísað inn í framtíðina en þá á hins vegar ekki að taka sársaukafullar ákvarðanir sem eru dýru verði keyptar eða eins og Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi orðaði það, ákvarðanir sem styddust ekki við neina peningalega skynsemi sem gekk nákvæmlega gegn kjarna ræðunnar sem borgarstjóri flutti hér í upphafi. Það þarf ekki mikinn stjórnsmálaskýranda til þess

Bstj. 5. febrúar 2008

að átta sig á því hvað hér er á ferðinni, það er búið að mynda meirihluta, það er búið að skrifa málefнасamning og nú eru hafin átökin um túlkunina, hvort heldur um húsvernd eða Vatnsmýri.

Forseti: Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Næstur tekur til máls Dofri Hermannsson borgarfulltrúi.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Dofri Hermannsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir ágæta og á köflum bráðskemmtilega umræðu um kaupin á húsunum að Laugavegi 4 og 6. Mér fannst sniðugt af borgarfulltrúa Gísla Marteini Baldurssyni að koma hérna heiðskír og fagur og spyrja hvenær kaupir maður hús og hvenær kaupir maður ekki hús. Mér finnst það hins vegar ekki „aktúel“ spurning. Það sem blasir við er að ráðherra var að fara að friða þessi hús þremur dögum eftir að var tekin ákvörðun að kaupa þau og hefði greitt matsverð fyrir húsin og þetta finnst mér skipta máli í umræðunni. Gísli Marteinn spurði borgarfulltrúa og m.a. mig hvað væri rétt verð fyrir húsin. Mér fannst athyglisvert að hann sagði aldrei sjálfur hvað honum fyndist rétt verð, það væri forvitnilegt að vita það. Það er ljóst að uppkaup á þessum húsum var forsenda fyrir nýjum meirihluta í borginni. Ég held það liggi algjörlega ljóst fyrir. Þannig að það vaknar sú spurning – getur verið að einhvern hluta af þessum 580 milljónum megi ef til vill skrifa á þessa staðreynd, að það hefði ekki orðið af meirihlutanum ef að húsin hefðu ekki verið keypt? Og hve stóran hluta? Það væri gott að vita það líka ef að borgarfulltrúi Gísli Marteinn er með þessar tölur allar á hraðbergi.

Ástæða þess að ég kom hingað upp til að ræða þetta er hins vegar eilítið önnur. Hún er sú að mér virkilega brá þegar borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir kom hérna upp og hélt sína tölu. Ég hef nefnilega ævinlega heyrt sjálfstæðismenn tala digurbarkalega um að þeir einir kunni með peninga að fara og þeir eru búnir að tala um þetta svo lengi og svo oft að stundum hef ég næstum því trúað því sjálfur. Þess vegna fannst mér það reyndar bara áfall að borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir sagðist ekki skilja að það er hagkvæmara fyrir borgina að ríkissjóður borgi 350 milljónir en að borgin borgi 580 milljónir. Mér finnst þetta sérstaklega mikið áfall því ég hef löngum talið að Hanna Birna Kristjánsdóttir væri með allra skýrustu borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins. Það mætti taka um þetta dæmi, setja þetta upp í kartöflur eða eitthvað slíkt, við Hanna Birna borgarfulltrúi værum t.d. að fara að halda matarboð og hringir í mig á síðustu stundu og segir það vantar kartöflur, þær fást út í Nóatúni og kosta 580 krónur. Ekkert mál, segi ég, ég er í Bónus, hér kosta þær bara 350, á ég ekki bara að kaupa þær. Það segir

sig sjálft að það væri hagkvæmara fyrir heimilisbókhald hjá borgarfulltrúa Hönnu Birnu að ég keypti kartöflurnar, ekki satt? Þetta hefði ég talið að væri einfalt að skilja.

Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson kom hér upp og talaði um rétt verð. Að rétt verð væri það verð sem kaupandi og seljandi væru sammála um. Það kann að vera. En ekki vildi ég endilega láta Júlíus Vífil Ingvarsson borgarfulltrúa t.d. kaupa fyrir mig bíl ef ég segði við hann: ‘mig langar ofboðslega að fá þennan bíl, þetta er Peugeot 307, raunverðið á honum er víst 350 þúsund’. Hann myndi fara og segja við kaupandann: ‘Ég lýsi því hér með yfir að ég ætla að kaupa þennan bíl, hvað kostar bíllinn?’ Það er ekkert hægt að segja að það sé rétt verð fyrir þessi hús að Laugavegi 4 og 6, 580 milljónir, ef það er fyrst ákveðið, það er tekin pólitísk ákvörðun um að kaupa húsin og því er lýst yfir í heyranda hljóði að það hafi verið tekin ákvörðun um það að kaupa þessi hús og rölta síðan til mannanna og spyrja hvað þau kosti. Þetta heitir ekki að kunna að fara með peninga. Þess vegna segi ég að mér er brugðið. Mér líður eins og ég hafi týnt veskinu mínu og ég held að mörgum borgarbúum líði eins.

Forseti: Dofri Hermannsson borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá tekur Óskar Bergsson borgarfulltrúi til máls.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það er slæmt að fyrri ræðumenn Sjálfstæðisflokksins skuli ekki vera í salnum núna þegar mér fyrst gefst tækifæri til að svara þeim, þar sem ég var búinn með andmælarétt minn áðan. En það er rétt að andi húsafriðunar og verndunar byggðarmynsturs svífur yfir vötnum hér í Borgarstjórn Reykjavíkur og ég held að það sé gott. Ég held að það sé eitthvað sem við getum lært af í umræðunni. En húsafriðun er eitt og verndun byggðamynsturs og götumyndar er annað. Þess vegna vil ég segja það hér í upphafi að ég tel að umræðan hér sé á nokkrum villigötum vegna þess að við hefðum svo hæglega getað haldið í við götumynd Laugavegarins með því að breyta lítillga því deiliskipulagi sem þar er í gildi, heldur en að fara af stað með málið eins og núverandi borgarstjórnarmeirihluti hefur gert.

Við vorum spurð að því hér áðan af borgarfulltrúa Hönnu Birnu Kristjánsdóttur af hverju við hefðum ekki klárað þetta mál í fyrri meirihluta. Því er einfalt að svara – við vorum með málið í fullri vinnslu í öruggum höndum, í fullu samráði við núverandi borgarstjóra, þar sem svo sannarlega var verið að reyna að koma til móts við hans sjónarmið. En það er bara það sem skiptir máli og á að skipta máli og mér finnst að sjálfstæðismenn geti ekki falið sig á bak við það í þessari umræðu, að upphæð, hin peningalega ábyrgð og kostnaðurinn við málið, það var það sem við vorum að velta fyrir okkur og lágum yfir og skýrsla VST sem unnin var fyrir Minjavernd staðfestir. Það hefði verið hægt að gera þetta allt saman fyrir minni pening. Hvað sólargeislarnir kosta á Laugaveginum er ómögulegt að segja en kaupin hefðu geta átt sér stað, uppbyggingin í anda götumyndar Laugavegarins hefði getað orðið að veruleika fyrir u.þ.b. 2-300 milljónum króna minna.

Það er kannski ódýrt að segja það í dag að þegar búið verður að byggja þetta upp og fjölskyldan labbar samhent niður Laugavegin og horfir á þessi hús þá verði allir sammála um það að þetta eru falleg hús, þau verða falleg og þau verða prýði Reykjavíkur, um það er enginn ágreiningur. En hvernig var staðið að verki, það verður alltaf til skammar. Það er ábyrgð sjálfstæðismanna og núverandi borgarstjóra og hana verðið þið bara að axla. Það er ekki hægt að skauta yfir málið

með því að láta ábyrgðina hvíla á fyrrverandi skipulagsyfirvöldum vegna þess að ég held að hún hafi verið ábyrg og það deiliskipulag sem nú er í gildi hefði alveg geta tekið meira mið af götummyndinni heldur en kannski arkitektar húsanna sem síðan koma til skipulagsyfirvalda vilja gera. Vegna þess að það er nú einu sinni eðli þessarar ágætu stéttar að menn vilja vera að skrifa söguna og telja að þegar verið er að byggja upp í gömlum stíl þá sé það eins konar sögufölsun og listrænar hæfileikar þeirra fá ekki að njóta sín. En þá í raun og veru kemur bara að þeirri nauðsynlegu festu sem skipulagsyfirvöld þurfa að búa yfir og gefa það bara út hvernig hús og hvernig byggðarmynstur við viljum hafa.

Það kom líka hér fram áðan og því var beint sérstaklega til mín og sett ofan í við mig þó ég væri að reyna að skjóta hér inn stuttum svörum í þrálátar spurningar frummælandans, að fasteignakaup ættu ekki að setja skipulagsmál í uppnám. Ég tek svo sem alveg undir það. En þessi fasteignakaup gerðu það vissulega. Borgarstjórnarmeirihlutinn er búinn að lýsa því yfir að þessi fasteignakaup setji ekki deiliskipulagið í uppnám. Það var bókað um það sérstaklega í borgarráði og það var margoft ítrekað það í ræðum hér í dag. En það er holur hljómur, sérstaklega í ljósi þess að sami borgarstjórnarmeirihluti er að fara að láta endurskoða deiliskipulagið. Það er bara gert beint ofan í fasteignakaupin, yfirlýsinguna um það að þetta sé ekki fordæmisgefandi en samt á að deiliskipuleggja upp á nýtt. Það er nú alveg lágmark, ágætu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og háttvirtur borgarstjóri, að röksemdarfærslur ykkar haldi nú út heilan borgarstjórnarfund eða einn borgarráðsfund.

Ég vil líka benda Borgarstjórn Reykjavíkur á það að sú upphæð sem greidd hefur verið fyrir þessi hús, hún er búin að tæma eignarkaupalið eignasjóðs Reykjavíkur fyrir árið 2008. Það gerðist bara á fyrsta mánuðinum. En það er sérstakur liður í fjárhagsáætlun eignasjóðs sem gerir ráð fyrir eignakaupum, óskilgreindum, upp á 600 milljónir. Hann hefur nú verið tæmdur. Þannig að möguleikar eignasjóðsins til fasteignakaupa, landakaupa og annarra slíks sem er grundvallaratriðið til þess að eignasjóðurinn geti starfað eins og öflugt fasteignafyrirtæki, að hendur hans hafa verið bundnar út árið. Það var alveg örugglega ekki með það að leiðarljósi sem við lögðum upp þegar við stofnuðum eignasjóð Reykjavíkur og ætluðum í raun og veru að stíga skref fram fyrir spekulanta og fjárfesta í fasteignaviðskiptum á

höfuðborgarsvæðinu, vegna þess að þar hefur borgin alltaf verið á eftir. Þessi kaup sem hér er verið að tala um í dag eru náttúrlega skýrasta dæmið um það að borgaryfirvöld eru að koma mörgum, mörgum árum of seint inn í málið. Um það er ekki deilt. En lærdómurinn sem við getum dregið af þessu er í raun og veru sá að við erum að tala um friðun götummyndar og við erum að tala um að halda í byggðamynstur. Við erum ekki að tala um húsvernd í venjulegum skilningi og lærdómurinn á að vera sá. Þá eigum við að halda áfram með þetta mál inn í skipulagsráð og inn í þennan stýrihóp sem lagður er af stað til þess að endurskoða deiliskipulagið, að menn byggi sig þá inn í byggðamynstrið. Það er lærdómurinn. Það er líka nokkuð mikill lærdómur fyrir mig að hafa komist að því hér í dag að peningar skipta Sjálfstæðisflokkinn ekki lengur máli, það er aukaatriði. 'Það er aukaatriði hvað þessi hús kostuðu, við erum góðu gæjarnir sem erum búnir að bjarga þessum húsum, verðið skiptir engu máli. Framtíðin mun ekki spyrja hvað þetta kostaði.' Það er athyglisvert fyrir kjósendur Sjálfstæðisflokksins sem nú hafa sýnt það að þeim hugnast ekki þessi nýi meirihluti. Að Sjálfstæðisflokkurinn í nýjum meirihluta segir: Peningar skipta ekki máli.

Forseti: Óskar Bergsson borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls Marta Guðjónsdóttir borgarfulltrúi.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Marta Guðjónsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég fagna þeirri umræðu sem á sér stað hér um verndun gamalla húsa í Miðborginni. Það ætti í raun að vera verkefni okkar hér í borgarstjórn mun oftast að fjalla um þessi mál. Allt tal um friðun húsanna sem hér um ræðir að hafi verið keypt fyrir borgarstjórástól vísa ég á bug. Áhugi okkar margra hér í meirihlutanum á húsvernd kom berlega í ljós strax í prófkjöri okkar í aðdraganda kosninga. Eitt af áherslumálum þeirrar sem hér stendur var að varðveita sögu okkar og sérkenni í borginni með því t.d. að vernda heillegar götumyndir og varðveita þau hús sem hafa byggingarsögulegt gildi. Það má segja að Miðborgin sé sjálfsmynd borgarinnar og að við eigum að geta verið stolt af sögu hennar og sérkennum og það gerum við best með uppbyggingu í sátt við söguna.

Forseti: Næstur tekur til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Kjartan Magnússon: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það hefur verið athyglisverð umræða í dag um Laugaveg 4 og 6 og í rauninni húsafriðunarmál í borginni almennt. Það má að mörgu leyti segja, svona fyrir þá sem fylgjast með umræðunni utan frá, þá endurspegli þetta skipulagsumræðuna almennt í borginni, að sumu leyti, það er komið inn á margvísleg sjónarmið. Á Laugaveginum, eins og annars staðar í borginni þar eru auðvitað margvísleg sjónarmið. Annars vegar eru hin ríku eignarréttarsjónarmið, þau sjónarmið að eigandi hvernar lóðar fyrir sig eigi að vera frjálst að því að gera það sem hann vill, kannski innan einhverra marka þannig að það takmarki ekki stórkostlega nýtingu möguleika eða andvirði annarra lóða, en innan þeirra marka að hann eigi að vera frjálst að gera það sem hann vill. Það eru auðvitað fleiri sjónarmið í gangi, eins og þau sjónarmið að jafnvel þó maður gangi ekki beinlínis inn á skilgreindan rétt næsta lóðarhafa og skerði þar með rétt hans, þá séu önnur verðmæti sem megi ekki skerða, það séu skipulagsleg og menningarleg verðmæti. Þau verðmæti sem eru að sumu leyti skilgreind en er á annan hátt ekki hægt að skilgreina, eru að mörgu leyti meginstoð skipulagsmála í borginni. Það eru hin ýmsu sjónarmið uppi, við sjáum þetta á Laugaveginum. Það er einn hópur sem vill vernda Laugavegin einn og hann er, að hann breytist ekki neitt. Sumir vilja jafnvel rífa niður nýleg hús þar og byggja upp í gömlum stíl. Svo eru aðrir sem vilja leyfa algjöra uppbygginu, sjá fyrir sér að öll lágreist hús við Laugavegin verði rifin og þar verði leyfð svokölluð glæsileg uppbygging, margar hæðir upp í loft, jafnvel skýjakljúfar og vísa til margra dæma í erlendum stórborgum þar sem slíkt hefur verið leyft. Á milli þessara tveggja sjónarmiða eru auðvitað margar millileiðir og borgarstjórnin og skipulagsyfirköld í borginni lenda í því og taka það hlutverk auðvitað fúslega að sér að vera sáttaafli. Borgarstjórnin, í þessu eins og mörgu öðru, er og á að vera sáttaafli. En eins og menn vita þá er það oft erfitt og vanþakklátt hlutskipti að ganga á milli og finna hinn gullna meðalveg. Auðvitað er það kannski meirihluti borgarbúa sem heldur því oft fram að þessi gullni meðalvegur sé ekki fundinn. En við sem sitjum í borgarstjórn, ég efast ekki um það að allir hér reyna að gera sitt besta til að reyna að knýja fram millileið sem flestir geti að einhverju leyti verið sáttir við.

Eins og hefur komið fram í umræðunni fyrr á fundinum, þá er mjög erfitt að stilla upp málum þannig að draga ákveðna stjórnmálaflokka í dilka, að einn stjórnmálaflokkur sé húsafriðunarflokkur frekar en annar, á meðan annars sé einhver niðurrifsflokkur fyrir gömul hús og vilji byggja upp í einhverjum nýjum og gerbreyttum stíl. Það er mjög erfitt að halda slíku á lofti. Það er rétt sem Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi kom inn á hér áðan að það samrýmist auðvitað alveg stefnu Sjálfstæðisflokksins að vera varðveisluflokkur eða vera íhaldssamur flokkur. Íhaldssemi fer saman við borgaralega hugsun. Íhaldssemi er kannski þýðing á orðinu conservatism. Hins vegar má benda á að íhaldssemi sé kannski ekki rétt þýðing á því orði. Það væri miklu nær finnst mér að þýða conservatism með orðinu varðveislustefna. Íhaldssemi felur það kannski í sér að halda í allt, hvað sem það kostar, það er kannski nær því, ég held að varðveislustefna sé betri þýðing því conservatism gengur út á það að halda í það sem er þessi virði að halda í, halda í það sem er gamalt og gott og varðveita það. En auðvitað eru mörg dæmi um það að íhaldsmenn, þó þeir vilji halda í það sem er gamalt og gott, t.d. fengna stjórnskipun sem sumir flokkar hafa verið á móti, þá er þessi stefna kannski stefna hinna miklu tækninýjunga. En auðvitað þarf að finna meðalveg í þessu. Það er hægt að nefna mörg dæmi um það á síðustu árum hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur komið að húsafriðun í borginni, tekið umdeildar ákvarðanir, lagt verkefnum lið, hvort sem hann hefur verið í meirihluta eða minnihluta. Það þóttu t.d. töluverð tíðindi á sínum tíma þegar borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýstu yfir vilja sínum til þess að Austurbæjarbíó sem heitir sennilega núna Austurbær, yrði ekki rífið heldur reynt að finna því nýtt hlutverk með einhverjum hætti. Það má nefna Alliance-húsið sem dæmi líka. Ég man ekki betur en það hafi verið búið að veita heimild fyrir niðurrífi þess og mjög margir raunsæismenn töldu að það væri orðið of seint að bjarga því, það yrði bara rífið. En með snarræði og sniðugri fléttu þá tókst að verja það hús og borgin keypti það og seldi það aftur og slapp út úr því dæmi á sléttu, ef ég man rétt. Bar að minnsta kosti af þessu ekki mikinn kostnað og fékk hrós húsverndarsinna fyrir. Það má telja upp fleiri dæmi. Það má telja upp Gröndalshúsið sem hefur verið unnið núna um þriggja ára skeið, ef ég man rétt. Það má nefna grásleppuskúrana á Ægisíðu sem ekki allir eru sammála um að eigi að vernda. Það má nefna Laugaveg 4 og 6 sem er það mál sem við erum að reyna að leysa hér í dag og er búið að leysa. Það má kannski líka nefna Aðalstræti 10, um áratugaskeið stóðu yfir deilur um það hvort ætti að vernda Aðalstræti 10 eða rífa,

eða með hvaða hætti ætti að gera það og voru menn ekki á eitt sáttir. En á endanum keypti borgin það hús og það var síðan gert upp í því sem nánast upprunalegri mynd. Núna þegar menn ganga frá því þá held ég að það sé enginn Reykvíkingur sem sjái eftir þeim fjármunum þó þeir hafi verið miklir, sem settir voru í Aðalstræti 10. Eins held ég að margir Reykvíkingar, þó að þessi hús Laugavegur 4 og 6 séu ekki ásjáleg eins og þau eru núna, verði sáttir ef það verður staðið að uppbyggingu þeirra með glæsileika og metnaði.

Ég held að umræðan hér í dag hafi leitt það í ljós betur en áður að þrátt fyrir góðan vilja margra borgarfulltrúa í fráfalandi meirihluta og góðan hug til þessara húsa, þá var málið í hönk. Það var hver höndin upp á móti annarri. Menn voru ekki sammála um það sem ætti að gera. Umræður í fjölmiðlum báru þess glöggt vitni. Ég man t.d. eftir því fyrir eina helgina snemma í janúar að þegar málið var til umræðu innan þáverandi meirihluta og þeir voru ekki búnir að gera upp við sig hvað ætti að gera, þá kemur borgarstjóri fram með sína lausn á forsiðu Morgunblaðsins og kemur með þá hugmynd úr heiðskíru lofti að borgin eigi að kaupa húsin og fara með þau í Hljómskálagarðinn. Mér fannst þetta nokkuð bratt hjá borgarstjóra vegna þess að ég hafði heyrt það frá borgarfulltrúum úr þessum meirihluta að menn voru ekki búnir að ná neinni niðurstöðu um þetta mál. Mér fannst þetta líka bratt vegna þess að við getum sagt að Hljómskálagarðurinn og Laugavegurinn séu helgir reitir í borginni og með sama hætti og fólki er alls ekki sama hvað verður um þessa byggð neðst á Laugaveginum, þá er fólki ekki sama hvað verður um Hljómskálagarðinn. Á sama hátt og mér finnst vera góð hugmynd að annað hvort byggja snoturt hús í Hljómskálagarðinum eða flytja gamalt hús þangað til þess að koma veitingahúsi eða kaffihúsi í Hljómskálagarðinn, sem er út af fyrir sig margra ára hugmynd og mjög góð, þá vona ég að þegar við loksins komum því í verk, þá verði það aldrei einhver redding. Að vegna þess að það sé skipulagsvandamál á einum stað í bænum þá eigi bara að leysa vandamálið með því að koma húsunum í Hljómskálagarð. Ég held að þegar við flytjum hús í Hljómskálagarðinn eða byggjum snoturt hús þar sem ég vona að verði að veruleika sem fyrst, þá þarf það að gerast að undangenginni mikilli skoðun og það þarf að velja húsið þar eða byggingarformið af mikilli kostgæfni, sem var auðvitað ekki ætlunin í þessu tilviki. Þarna voru menn lentir í vandræðum á einum stað í bænum og ætluðu að leysa vandamálið með því að flytja húsin í Hljómskálagarð. En það

sem auðvitað skipti aðalmáli var það að borgarstjóri, sem þá er oddviti fyrrverandi meirihluta, kemur með þessa lausn þá voru menn ekkert á sama máli í öðrum flokkum. Þetta kemur berlega í ljós í Morgunblaðinu daginn eftir því að þar kemur Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi, sem hefur verið einn helsti talsmaður þess í borgarstjórn að friða þessi hús, kemur með sína lausn á málunum og mótmælir þessum orðum borgarstjóra. Í sjónvarpi síðan að kvöldi þess dags þá kemur Björn Ingi Hrafnsson, þáverandi borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, með afstöðu Framsóknarflokksins í málinu. Þarna sáu auðvitað allir borgarbúar, það þýðir ekkert að neita því, kæru borgarfulltrúar, að á tveimur dögum í fráfaramandi meirihluta voru að minnsta kosti þrjár ólíkar skoðanir á því hvernig ætti að leysa þetta mál. Menn gátu ekki stillt sig um að fara með þær skoðanir út í borgina þannig að það sá það hver borgarbúi sem sjá vildi að þessi fráfaramandi meirihluti var ekki samstíga í málinu. Málið var í hönk og það er síðan eftir þetta og við þessar aðstæður sem skipt er um meirihluta í borginni, auðvitað ekki bara út af þessu máli en þetta málið hafði verið mjög mikið í umræðunni allan janúarmánuð og nýr meirihluti einsetti sér það að leysa þetta mál. Skipulagsmál á þessum hluta Laugavegarins eiga ekki að vera í uppnámi. Við eigum að bera gæfu til þess hér í borgarstjórn því mér heyrir flestir borgarfulltrúar vilja húsafriðun að einhverju leyti. Þá eiga menn að bera gæfu til þess í ekki fjölmennari borgarstjórn að setjast niður og taka á málum af festu og ná sameiginlegri niðurstöðu. Því að öll óvissa, hve lengi sem hún dregst á langinn og hún er svo sannarlega búin að dragast á langinn í þessu máli, hún er slæm fyrir Laugavegin og fyrir skipulagsmál í borginni. Það hlýtur hver maður að sjá. Það hefur reyndar komið hér í ljós í dag að þeir flokkar sem mynda núverandi minnihluta í borgarstjórn eru ekkert frekar sammála um þetta mál núna heldur en þeir voru meðan þeir voru í meirihluta. Þeir hafa ekkert náð að samræma sína stefnu, en jú jú, þeir eru alveg sammála um það að gagnrýna nýja meirihlutann, það er að sjálfsögðu það sem minnihluta flokkar geta alltaf sameinast um, en þeir hafa ekki komið fram með sínar skýru línur hvernig þeir ætluðu að vinna málið. Það er alveg ljóst að ef ég tek bara þá lausn sem Dagur B. Eggertsson leggur hér til, ef áfram hefði verið unnið eftir hans kokkabókum í þessu máli þá væri málið ennþá í stórkostlegri óvissu. Hann telur sig geta fullyrt að húsið hefði verið friðað. Ef það hefði verið gert þá held ég að við værum að sjá að við værum kannski í upphafinu á einhverju ferli sem hefði geta tekið einhver ár. Deilur við ríkið, deilur við eigendurna um skaðabætur og ég

veit ekki, ef málið hefði farið fyrir dóm, hvað réttlátur dómari hefði haft mikla samúð með málstað borgarinnar. Ég held að skaðabæturnar hefðu getað orðið nokkuð háar sem hefði farið af almannafé, hvort sem það hefði fallið ríkismegin eða borgarmegin. Við megum ekki gleyma því að þeir sem borga skattana eru að borga bæði skatta til borgar og ríkis. Við eigum auðvitað að verja hagsmuni almennings í hvora kistuna sem borgað er.

Það er alveg ljóst að málið hefði verulega dregist á langinn og á meðan hefðu þessi hús verið eins og opið sár neðst á Laugaveginum, þessum mikilvæga hluta miðbæjarins. Auðvitað viljum við ekki sjá það gerast. Þannig að hver sem situr í meirihluta hverju sinni þá ber meirihlutanum auðvitað skylda til þess að lagfæra klúður, að leysa slík mál til lykta, til heilla fyrir sem flesta, vera sáttarafl en ekki sundrunarafl í slíkum málum og ég held að það hafi bara tekist bærilega í þessu máli, ég verð að segja það eins og er.

Að sjálfsgöðu er hægt að gagnrýna margt í öllu ferlinu en borgarfulltrúar minnihlutans og Dagur B. Eggertsson verða þá bara að átta sig á því að sú gagnrýna hittir að mörgu leyti þá sjálfa fyrir. Það er nú búið að svara vel fyrir það hér í dag. Ein gagnrýnin snerist að því að þetta skapaði nýtt markaðsverð. Það er margoft búið að taka fram að þetta hafi ekki fordæmisgildi. Mér finnst það vera mikil oftrú á markaðnum hjá vinstrimönnum sem hafa í gegnum tíðina ekki haft oftrú á markaðnum, ef þeir halda því fram að þetta verð eigi eftir að setja fordæmi fyrir öll húsakaup í miðbænum um langa framtíð. Svo er ekki. Það var m.a.s. búið að draga Orkuveituhúsið á Bæjarhálsi inn í þessa umræðu áðan, það glæsilega hús. Óskar Bergsson borgarfulltrúi dró það óvænt inn í umræðuna og sagði að í þessu sambandi þá ættu menn að líta til þess hvað Orkuveitubyggingin hefði kostað og miða svona ýmislegt í þessu máli við það. Síðan tiltók hann það sérstaklega að Orkuveituhúsið hefði kostað þrjá milljarða króna í byggingu og benti okkur hinum borgarfulltrúunum á það að miða nú við það byggingarverð í þessu máli. Ég náði nú ekki alveg samhenginu þannig. Hins vegar kannaði ég það og þessi tala stemmdi ekki alveg við það sem var í mínu minni, að Orkuveituhúsið kostaði í ársbyrjun 2005, þegar það var tilbúið, það kostaði ekki 3000 milljónir, það kostaði 4257 milljónir. Á verðlagi dagsins í dag er það kannski eitthvað um 5 milljarðar króna. Mér finnst að svona ábyrgir borgarfulltrúar eins og Óskar Bergsson, þeir koma hér upp og tala að því er virðist af nokkurri þekkingu um þessi mál á Laugaveginum, kjósa síðan að taka dæmi af glæsilegri nýbyggingu upp á

Bæjarhálsi til að hafa einhver samanburð, þá verð ég að segja, borgarfulltrúi Óskar Bergsson, að menn eigi þá að fara rétt með tölur. Menn geta ekki leyft sér að slá fram einhverri þriggja milljarða króna tölu þegar tala upp á 4,3 eða í raun 5 milljarða skv. nógildandi verðlagi, er nær sanni. Þetta rýrir trúverðugleika umræðunnar ef borgarfulltrúar taka sér svona í munn beinlínis rangar tölur.

Ég held að hér hafi flestu verið svarað sem hefur komið fram hjá minnihlutanum í dag varðandi þetta mál. Mér finnst athyglisvert hvað Dagur B. Eggertsson í sínum ræðum kýs að túlka orð okkar sjálfstæðismanna og Ólafs F. Magnússonar mikið. Það er eins og hann reyni með orðskrúði að taka okkar málflutning, tína út setningar úr okkar málflutningi, til þess að draga fram einhvern ímyndaðan ágreining í röðum okkar sjálfstæðismanna eða að öðru leyti innan meirihlutans. Ég vísa því að sjálfsögðu til föðurhúsanna. Mér finnst það skrítið þegar það er uppleggið í heilu ræðunum að lesa út úr nokkuð skýrum ræðum andstæðinganna og halda því fram að það sé einhver ágreiningur í gangi. Staðreyndin er sú, eins og menn vita, að þetta mál hefur verið leyst í fullkominni sátt innan meirihlutans. Talandi hér um fum og fljótaskrift, ég held að þær ásakanir hitti Dag B. Eggertsson borgarfulltrúi sem var borgarstjóri hér í 100 daga og hafði tækifæri til að leysa málið, það hitti hann verst fyrir sjálfan. Einna undarlegust fundust mér þau orð Dags hvernig hann kýs aftur og aftur að draga borgarstjórnann inn í umræðuna, reyna að gera hann að einhverjum vígvelli í þessu máli. Það er auðvitað alveg kýrskýrt að allur meirihlutinn ber algjörlega ábyrgð á þessu og stendur saman sem einn maður í þessu máli. Einna undarlegast fannst mér hvernig Dagur B. Eggertsson var kominn út í það að halda því fram að með því að leysa málið með þessum hætti þá væri borgarstjóri með einhverjum hætti að taka hagsmuni verktaka og fjármagnseigenda fram yfir hagsmuni almennings. Við höfum talað um virðingu borgarstjórnar í heild á undanförunum vikum og ég held að það auki ekkert á virðingu hennar ef við sjálf komum hvað eftir annað og sökum hvert annað um að ganga erinda verktaka eða fjármagnseigenda. Ég held það stækki okkur ekkert og auki ekkert virðingu okkar að við séum að reyna að klína einhverjum slíkum áburði hvert á annað. Allra síst hefði ég talið að borgarstjóri ætti skilið að fá slíkar ásakanir. Borgarstjóri sem hefur hér afar mikla reynslu í borgarstjórn, áratugareynslu og hefur með störfum sínum sýnt að slíkar ásakanir eru alveg fráleitir, eru út í hött, því hann hefur örugglega flestum borgarfulltrúum

betur sýnt það að hann hugsar fyrst og fremst, eins og hann á að gera, um hagsmuni almennings og lætur ekki skilgreinda þrýstihópa, hvað þá einhverja aðra hagsmunaaðila, hafa áhrif á sína skoðun. Þetta hefur borgarstjóri sýnt hvað eftir annað í umræðu um hin ýmsu mál og ekki hikað við að skera sig úr í slíkum málflutningi, til að taka svari almennings og ítreka hagsmuni almennings þegar það hefur átt við.

Ég held að það skipti máli í þessari umræðu allri, við vitum alveg hvað við erum að fást við, þetta er spurning um húsfriðun annars vegar og uppbyggingu hins vegar og það eru mjög skiptar skoðanir um það á Laugaveginum. Ég veit að við hér í borgarstjórn erum fyrst og fremst að hugsa um hagsmuni almennings og reynum að samræma þetta með ýmsum hætti, að varðveita gamla götummynd Laugavegarins en á sama tíma reynum við að koma til móts við sjónarmið kaupmanna og annarra rekstraraðila á Laugaveginum, að auka þar byggingarmagn með einhverjum hætti, uppbyggingu á baklóðum, til þess að gera Laugavegin betri og effektívri heldur en hann er núna í þjónustu götunnar við almenning. Ég held, þegar allt kemur til alls, þá sé ekki langt á milli mann hér í borgarstjórn og við eigum að sameinast um slík góð verkefni í staðinn fyrir að deila um þau daglangt.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúans borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Dofri Hermannsson veitir andsvar: Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætla nú ekki að lengja þessa umræðu mikið. En eitt er það sem eftir er að svara og ég beini því til borgarfulltrúa Kjartans Magnússonar eða borgarstjóra, bara hvor þeirra sem veit það betur – hvar á að taka peningana, þessar 580 milljónir til að borga húsin? Af hvaða lið á að taka þá? Það hlýtur að verða að taka þessa peninga einhvers staðar. Bara sá þeirra sem veit það betur svari. Takk.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Kjartan Magnússon. Ég ítreka það við borgarfulltrúa að þegar þeir nýta rétt sinn til andsvars þá er það að sjálfsögðu við ræðu þess sem að flutti ræðu hér áður, þannig að ég lít svo á að þessu hafi verið beint til borgarfulltrúa Kjartans Magnússonar.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Kjartan Magnússon svarar andsvari: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég fagna slíkum spurningum. Þetta er auðvitað tæknileg spurning. Þessi peningar munu koma úr borgarsjóði eða skipulagssjóði, sem fara til kaupa á húsinu. Skipulagssjóður hefur, eins og menn vita, fulla heimild til að kaupa upp húseignir og lóðir í Miðborginni og hefur gert það af miklum krafti síðustu ár, eins og reikningar hans sýna. Hins vegar vildi ég bara draga fram undir þessu svari að þegar menn tönnlást hér á 580 milljónum þá er það alveg ljóst að það verður ekki endanlega tala, því eins og er um mörg önnur landakaup og lóðakaup borgarinnar, þá er hægt að gera verðmæti úr þeim. Við vitum ekki nákvæmlega hvað þessar eignir eða lóðaréttindi verða seld á þegar upp er staðið en ég geri mér vonir um að það komi verulegur hluti fjárhæðarinnar til baka. Ég ætla hins vegar ekkert að fullyrða um það, á sama hátt og það er alveg út í hött að menn fullyrði hér að borgin muni bera einn milljarð í kostnað vegna þessarar aðgerðar, þá ætla ég ekkert að vera að koma hér með einhverja tölu sem ég segi að verði reyndin á endanum, það á eftir að koma í ljós. En sú tala verður miklu lægri en menn hafa hér á óábyrgan hátt reynt að slá fram í umræðunni í dag.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Dofri Hermannsson veitir andsvar öðru sinni: Forseti, borgarfulltrúar. Já, ég vona að ég sé að beina spurningunni á réttan stað áfram til þess sem gleggst veit. Það er sem sagt ljóst að það á að taka þessar 580 milljónir af 600 milljóna króna lið eignasjóðs til kaupa á eignum. Er það rétt skilið hjá mér að það séu aðeins 20 milljónir eftir á þessu fjárhagsári eða eru til meiri peningar einhvers staðar annars staðar, ef að þarf að kaupa fleiri eignir? Það væri bara gott að vita þetta því það liggur náttúrulega fyrir að það hlýtur að þurfa að borga þessar 580 milljónir núna, þó það fáið kannski einhvern tímann einhverjir peningar til baka. Hvað er þá mikið eftir í þessum sjóði til að kaupa eignir á árinu 2008?

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Kjartan Magnússon svarar andsvari öðru sinni: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég er nú ekki með bókhaldið með mér og ég held að við þurfum ekkert að vera að eyða tíma borgarstjórnar hér í dag til þess að fara nákvæmlega í það af hvaða liðum þetta kemur eða hvað er þá mikið eftir á fjárhagsáætlun. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir öllu þegar fjárhagsáætlun er gerð. Þegar fjárhagsáætlun er gerð, ég tala nú ekki um af því að það var síðasti meirihluti sem gerði þessa fjárhagsáætlun að töluverðu leyti, að þá gátu menn ekki séð allt fyrir og ég held að það sé alveg ljóst að þessi kaup sáu menn ekki fyrir. En þetta mun auðvitað bara ganga sína leið í borgarkerfinu og ég held að, eins og menn vita, þá stendur borgin ekki það illa, ég held að þetta muni ekki binda hendur hennar á þessu ári né til langrar framtíðar fjárhagslega séð, þó það verði farið í þessi kaup. Ég held að menn eigi frekar að líta til þess hvaða afleiðingu skynsamleg uppbygging á þessum stað mun hafa fyrir Laugavegin og Miðborgina í heild.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið við að svara andsvari öðru sinni. Þá er andsvörum lokið en Dofri Hermannsson borgarfulltrúi gerir stutta athugasemd.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Dofri Hermannsson gerir stutta athugasemd: Já, forseti, ég skammast mín nú ekkert fyrir að eyða tíma borgarstjórnar í að ræða aðeins um þessar 580 milljónir af því að það er bara 5. febrúar og fjárhagsárið er rétt að byrja og við erum búin að eyða öllu nema 20 milljónum af þessum lið. Þannig að á þá ekki að kaupa neitt nema bara fyrir 20 milljónir það sem eftir af þessu ári? Það er kannski ekki við hæfi að koma með spurningu í athugasemd, en hefur verið haldinn fundur í eignasjóði um þessi kaup?

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá tekur að lokum til máls hæstvirtur borgarstjóri.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Málefнасamningur nýs meirihluta fjallar m.a. um skipulagsmál í víðu samhengi þó að halda mætti af umræðunni hér í dag að eina skipulagsmálið sem skiptir máli í nýjum málefnasamningi sé skipulag á Laugavegi og tiltekin lóð neðst í þeirri götu. Nýr málefнасamningur fjallar m.a. um framtíðarstaðsetningu flugvallar, samgönguæðar eins og Miklubrautina, mislæg gatnamót, umferðarrým, almenningsamgöngur og fleira og fleira sem tengist skipulags- og samgöngumálum. Þar er um miklu þýðingarmeiri ákvarðanir að ræða og miklu stærri upphæðir að ræða heldur en við erum að deila um hér í dag og sem umræðan hér í dag hefur snúist um, þar sem reynt er að gera tiltekna fjárhæð tortryggilega, jafnvel haldið fram að keyptur hafi verið borgarstjórastóll fyrir þessa upphæð. Sá málflytningur er gjörsamlega út í hött og aðrir hér geta svarað fyrir það að ég var ekki keyptur til að framfylgja nýjum málefnasamningi með borgarstjórastól, hvað þá einhverjum upphæðum út af tiltekinni lóð. Það var ekki skilyrði af minni hálfu, eins og hér hefur verið haldið fram að borga ætti helst hvaða upphæð sem er til þess að kaupa Laugaveg 4 og 6 til að höggva á hnútinn og sjá mína framtíðarsýn varðandi þetta svæði leysast. Þannig vinn ég einfaldlega ekki í pólitík. Það eru mörg önnur mál í málefnaskrá nýs meirihluta sem bera mjög keim af því sem F-listinn lagði upp með í kosningunum 2006 og við ætlum okkur að ná fram. Nýr málefнасamningur er undir yfirskriftinni Velferð og öryggi. Sú yfirskrift mun sanna sig í því að verkin munu tala undir þessari yfirskrift, þ.e.a.s. velferð og öryggi munu speglast í þeim verkum sem nýr meirihluti ætlar að standa fyrir, m.a. að styrkja þjónustu velferðarkerfis borgarinnar með framlögum til að ráða bót á mönnunarvanda velferðarkerfisins. Við erum rétt að leggja af stað og við erum þegar farin að vinna hratt og markvisst að því að ná fram þeim verkefnum sem við ætlum að leysa á þessu kjörtímabili. Ég vænti þess að þegar umræðan verður málefnaleg, eins og hún hefur þó verið hér í dag og verður vonandi líka málefnalegir í fjölmiðlum og út í samfélaginu heldur en hún hefur verið undanfarna daga, þá munu þessi málefni sem við stöndum fyrir komast betur til skila og við verða dæmd af þeim verkum sem við munum standa fyrir, sem er

Þýðingarmest þegar upp er staðið. Þá mun fólk sjá að almannahagsmunum hefur verið borgið með þeirri vinnu sem nú fer í hönd.

En að öðru leyti vil ég þakka fyrir þá málefnalegu umræðu sem hér hefur átt sér stað í dag og vænti þess að varðandi framtíð Laugavegarins þá verði næstu skref tekin í góðri sátt milli meirihluta og minnihluta, í sátt við almenning í borginni, í sátt við íbúa í nágrenni þessara gatna, í sátt við hagsmunaaðila og í góðu samstarfi við fagaðila og ýmsa þá sem best kunna skil á verndun götumyndar og uppbyggingu í gömlum stíl. En ég ítreka að ég vænti góðrar samvinnu um framgöngu allra þessara mála og þó að Laugavegsmálið sé mjög þýðingarmikið og sé þeim sem hér stendur afar kært, þá snýst málefнасamningur nýs meirihluta um miklu víðtækara og stærra svið heldur en svo að þau verði afgreidd með umræðu um einhverjar 100 milljónir og einhvern borgarstjórástól. Það er ekki það sem málið snýst um.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls undir þessum lið og er umræðu lokið en gengið til atkvæða um 32. lið í fundargerð borgarráðs frá 31. janúar sl. Þar var lögð fram svohljóðandi tillaga:

Í samræmi við samþykkt borgarráðs 24. janúar sl. er lagt til að borgarráð staðfesti meðfylgjandi kaupsamning, dags. 25. þ.m., um fasteignirnar Laugaveg 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A. Enn fremur verði eignasjóði og skipulags- og byggingarsviði falið sameiginlega að láta vinna tillögur að teikningum af útliti húsanna við Laugaveg og uppbyggingu baklóðanna.

Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja vilja þennan lið gefi merki. Einhverjir á móti? Tillagan er samþykkt með 8 atkvæðum, 5 voru á móti og 2 borgarfulltrúar sitja hjá. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskar eftir að gera grein fyrir bókun.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Dagur B. Eggertsson gerir grein fyrir bókun: Fyrir hönd borgarfulltrúa Samfylkingar og Framsóknarflokks vil ég gera grein fyrir svohljóðandi bókun:

Ljóst er að kaup nýs meirihluta á fasteignum að Laugarvegi 4 og 6 stefnir uppbyggingaráformum við Laugarveg og í Miðborg í óefni. Keypt hafa verið hús fyrir 580 milljónir króna - ofurverð sem skapar nýtt markaðsverð í sambærilegum og svipuðum málum. Ljóst er að þessi ákvörðun þýðir að Reykjavíkurborg ætli að reiða fram allt að milljarð króna til uppkaupa og endurbyggingar reitsins þar sem kostnaður við enduruppbyggingu hefur verið metinn á 389 milljónir króna. Þetta er fáránleg nýting á almannafé. Fórarkostnaður Reykjavíkurborgar verður aldrei undir hálfum milljarði króna og getur hæglega orðið mun hærri. Hefði friðun húsanna orðið að veruleika eins og gerst hefði þremur dögum eftir hin makalaus uppkaup hefði götumyndin haldið sér, skipulagsmál í miðborginni hefðu ekki verið í uppnámi, borgarsjóður hefði ekki tapað mörg hundruð milljónum og hættulegt fordæmi hefði ekki verið skapað sem skaða mun allar frekari áætlanir um húsvernd. Rökin um að borgin hljóti að þurfa að grípa inn í með uppkaupum þegar friðun húsa er í réttum farvegi halda engan veginn og hljóta að vekja margar spurningar nú þegar tillaga um friðun 10 húsa við Laugaveg er í farvatninu. Þessi málsmeðferð og þetta verð stefnir friðunartillögum og húsverndaráformum í Miðborg og Kvos í voða.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að gera grein fyrir bókun borgarfulltrúa Samfylkingar og Framsóknarflokks. Þá gerir hæstvirtur borgarstjóri grein fyrir bókun meirihlutans.

2. mál. Samningur um kaup á fasteignum að Laugavegi 4 og 6 og Skólavörðustíg 1A, 32. liður fundargerðar borgarráðs frá 31. janúar

Borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon gerir grein fyrir bókun: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Meirihlutinn í borgarstjórn, borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks og F-lista, leggja fram svohljóðandi bókun, þar sem vísað er til bókunar meirihlutans í borgarráði 31. janúar, en þar segir, með leyfi forseta:

Nýr meirihluti í Reykjavík er stoltur af því að hafa keypt húsin að Laugavegi 4 og 6 og þannig staðið vörð um 19. aldar götumynd þessa mikilvæga staðar. Með því heldur Reykjavík skipulagsvaldinu yfir reitnum, og hyggst endurnýja húsin í fullri sátt innan borgarstjórnar og utan og hafa samstarf um það við Minjavernd, Húsafriðunarnefnd og aðra fagaðila. Þannig verður mögulegt að byggja upp á þessum einstaka stað, tryggja lifandi starfsemi og halda jafnframt þeirri götumynd sem einkennir þennan hluta Laugavegarins. Samfylkingin, Vinstri græn og Framsóknarflokkurinn stóðu að því að gera það deiliskipulag sem heimilaði niðurrif húsanna og uppbyggingu stórhýsis sem hefði varpað skugga á Laugavegin og rekið fleyg í 19. aldar götumynd svæðisins. Vinstri græn hafa nú breytt um afstöðu og studdu kaupin á Laugavegi 4 og 6 á fundi borgarráðs, þótt þeir sitji nú hjá. Það vekur athygli að afstaða minnihlutans er þríklofin í málinu, eins og sést á þremur mismunandi bókunum og fyrirspurnum á fundi borgarráðs 31. janúar sl. Það verð sem nýr meirihluti greiðir fyrir Laugaveg 4 og 6 er vissulega hátt, en það er eindregin skoðun borgarfulltrúa hans að þeim peningum sé vel varið og að glæsileg uppbygging á þessum stað samkvæmt sögulegum stíl Laugavegarins verði þeirri götu lyftistöng og að borgarbúar muni njóta góðs af þessari ákvörðun um langa framtíð.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu og gert grein fyrir bókun. Þær bókanir sem hér hafa verið lesnar upp verða færðar hér til bókar. En þá er umræðu um þetta mál lokið.